



TILLAGA AÐ

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

SAUÐÁRKRÓKUR

Tillaga að verndarsvæði í byggð - Sauðárkrókur, 2018.

Forsíðumynd: Kári Árnason



































Texti: Sólveig Olga Sigurðardóttir & Sólborg Una Pálsdóttir.

Myndir: Sigrún Fossberg Arnardóttir, Kári Árnason.

& ljósmyndir frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Uppsetning og hönnun: Þórunn Edda Bjarnadóttir.

Fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|--|---|---|--|
| <p>1871 - Poppshús</p>  <p>1873 - Ágripshús</p>  <p>1874 - Erlendshús</p>  | <p>1878 - Poppverndarþverhús</p>  <p>1881 - Bætur</p>  <p>1881 - Brannhús</p>  | <p>1887 - V. Óleissón stofnar verndar</p>  <p>1888 - Blábrannhús</p>  <p>1888 - Hótel Tindastól</p>  | <p>1891 - Gólfhúsi</p>  <p>1891 - Profasthúsi/Bakarí</p>  <p>1891 - Lúkféti</p>  | <p>1891 - Gætt</p>  <p>1891 - Ólafshús</p>  <p>1891 - E.G.</p>  <p>1891 - Pinstahúsi</p>  <p>1891 - Skjaldborg</p>  | <p>1901 - Landur</p>  <p>1901 - Saubá</p>  <p>1901 - Deild</p>  <p>1901 - Múlbær</p>  | <p>1901 - Vella Nona</p>  <p>1901 - Stóðin</p>  <p>1901 - Bláshús</p>  | <p>1901 - Spáskahús Skagafringa</p>  <p>1901 - Uppsalir</p>  <p>1901 - Hóll</p>  <p>1901 - Barmakjörinn</p>  |
| <p>1871 1880 1890 1900 1910</p> | | | | | | | |
| <p>Ásuðarhljóðun (þetta er aðal á Suðurlandi) í samráði með þessum lögreglu og tveimur börum þess.</p> <p>Þessu ári var hætt að byggja hús í Suðurlandi. Þessu ári var hætt að byggja hús í Suðurlandi. Þessu ári var hætt að byggja hús í Suðurlandi.</p> | <p>Íbúar: 60 Skattskyldar húsnæmni: 4</p> <p>Lögfrjásetti á Vestur-Íslandsvetrar</p> <p>Lúðvig Popp opnar verndar, árið áður keypti hann húsnæmni Hólls Ágripshúsanna</p> <p>Ásuðarhljóðun hefur verið gættur</p> <p>Brú smíðuð á Gólfhúskandi</p> | <p>Íbúar: 179 Skattskyldar húsnæmni: 14</p> <p>Búabúfélag Suðurlands stofnað þannigjörð. Suðurlands stofnaður</p> <p>Útgræning verndarhljóðunnar</p> | <p>Íbúar: 347 Skattskyldar húsnæmni: 41</p> <p>Carl Knússon reisir kirkju í tækta</p> <p>Hóll stöðvað í húsfélag</p> <p>Saubá smíðuð</p> | <p>Íbúar: 473 Skattskyldar húsnæmni: 49</p> <p>1901 verndarhljóðun (þessu ári) fermt fyrir smátt verndarhljóðun</p> <p>Villafrjásetti gerð</p> <p>Símastöð opnuð</p> <p>Stítturjónir settar upp</p> |       | | |
| Suðurland 1888 | Suðurland um 1890 | Suðurland um 1900 | Suðurland 1904-1905 | Suðurland um 1904 | Suðurland 1904-1910 | | |

**TILLAGA AÐ
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ
SAUÐÁRKRÓKUR**

Þéttbýlismyndun á Íslandi

„Myndun bæjanna og vöxtur þeirra er einhver stórfelldasta og einkennilegasta breytingin á þjóðlífi voru á síðustu áratugum. Frá landnámstíð og fram að lokum síðastliðinnar aldar voru hér engir bæir, er telja mætti, því kaптúnin voru lengst af örsmá, menningarsnaud og óþjóðleg þorp. Þessi þorp stóðu að mestu í stað, gátu hvorki lifað né dáíð, enda var atvinnan lítið annað en verzlun og lítilfjörlegur iðnaður. Eftir 1880 fer þetta þó að breytast, þorpum fjölgar við sjóinn og flest hafa þau vaxið síðan óðfluga.“ (GH 1916, 1).

Þannig lýsir Guðmundur Hannesson upphafi þéttbýlismyndunar í bók sinni Um skipulag bæja, sem kom út árið 1916, en Guðmundur var lækni á Sauðárkróki um skeið og hafði mikil áhrif á heilbrigðismál í bænum.

ÁVARP SVEITARSTJÓRA

Gamli bærinn á Sauðárkróki er eins og nafnið gefur til kynna elsti hluti byggðar í bænum. Þar standa elstu húsin sem geyma merkilega merkilega sögu um uppbyggingu og þróun bæjarins.

Sauðárkrókur varð löggiltur verslunarstaður árið 1858 og hófst þá lausaverslun úti fyrir staðnum. Árið 1871 settist fyrsti íbúinn, Árni Árnason klénsmiður, þar að og stundaði veitingasölu. Tveimur árum síðar reis fyrsta verslunin, stofnuð af Halli Ásgrímssyni Grænlandsfara. Árið 1875 seldi hann Ludvig Popp kaupmanni verslunina og starfaði hún um áratuga skeið undir nafni Poppverslunar. Ludvig Popp má kalla föður Sauðárkróks. Hann kom að, eða stóð fyrir fjölmörgum framfaramálum í kaптúninu unga og skipulagði bæinn sem var í hraðri uppbyggingu. Svo margar þóttu verslanir í bænum um aldamótin 1900 að gárungar kölluðu plássíð Kaupmannahöfn. Íbúum fjölgaði að sama skapi og voru þá komnir yfir 400. Árið 1906 kom fyrsti vélbáturinn til Sauðárkróks og árið 1916 var lokið smíði bryggju. Skömmu fyrir síðari heimstyrjöld var gerður hafnargarður og útgerðinni óx smám saman fiskur um hrygg en verslun og þjónusta við sveitirnar var samt sem áður aðal atvinnuvegurinn. Árið 1940 bjuggu 964 íbúar á Sauðárkróki. Árið 1970 voru þeir 1.596 en 1. janúar 2018 bjuggu 2.574 íbúar á Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á fundi 17. október 2018 að leggja fram tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verndarsvæði í byggð innan þéttbýlisins á Sauðárkróki, sbr. 4. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Sú umsókn er rökstudd í þessari greinargerð um leið og kynnt er stefna sveitarstjórnar um uppbyggingu svæðisins og þeir skilmálar um mannvirkjagerð og landslagsmótun sem ætlað er að viðhalda og styrkja heildarsvipmót þess.

Markmið þess að gera gamla bæinn á Sauðárkróki að sérstöku verndarsvæði er að viðhalda og styrkja byggð á svæðinu á þann hátt að verndun, uppbygging og framþróun haldist í hendur. Þótt margt hafi breyst er hér mikilvæg saga fólgin í byggingarlist, menningararfi og umhverfi sem mikilvægt er að varðveita til framtíðar. Með þessu vill sveitarfélagið staðfesta menningarsögulegt gildi gamla bæjarins á Sauðárkróki.

Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri

EFNISYFIRLIT

| | | | |
|--|-----------|---|-----------|
| ÁVARP SVEITARSTJÓRA..... | IV | 4. VARÐVEISLUMAT OG VERNDARFLOKKAR | 61 |
| 1. TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ | 1 | 4.1. Verndarflokkar samkvæmt lögum um menningarminjar | 61 |
| 1.1. Afmörkun verndarsvæðis..... | 1 | 4.1.1. Staða verndunar húsa | 61 |
| 1.2. Rökstuðningur tillögu að verndarsvæði | 2 | 4.1.2. Staða verndunar fornleifa | 62 |
| 1.3. Samráð | 2 | 4.2. Verndarflokkar - verndarsvæði í byggð | 64 |
| 1.4. Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan verndarsvæðis | 3 | 4.2.1. Varðveislugildi húsa | 69 |
| 2. LÝSING Á BYGGÐ OG UMHVERFI | 5 | 4.2.1.1. Byggingarlist – listrænt gildi | 69 |
| 2.1. Saga og þróun byggðar | 5 | 4.2.1.2. Menningarsögulegt gildi..... | 70 |
| 2.2. Staðfræði..... | 16 | 4.2.1.3. Umhverfsgildi | 72 |
| 2.2.1. Landfræðileg lega | 16 | 4.2.1.4. Upprunalegt gildi..... | 72 |
| 2.3 Staðhættir og landslag | 16 | 4.2.1.5. Ástand..... | 72 |
| 2.4. Opin svæði og gróður | 17 | 4.3. Niðurstöður varðveislumats | 73 |
| 2.5. Aðkomuleiðir og helstu aksturs- og gönguleiðir | 19 | 5. VERNDUN OG UPPBYGGING | 75 |
| 2.6. Örnefni, þar með talin götunöfn | 21 | 5.1. Möguleikar til uppbyggingar | 75 |
| 3. GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐAR..... | 25 | 5.2. Skilmálar..... | 76 |
| 3.1. Svipmót landslags | 27 | 6. VERNDARSVÆÐIÐ OG NÚGILDANDI SKIPULAG | 83 |
| 3.1.1. Sjónásar – útsýnisstaðir - kennileiti | 31 | 7. HEIMILDIR | 87 |
| 3.2. Svipmót bygginga | 32 | 7.1. Myndaskrá | 88 |
| 3.2.1. Aldursdreifing | 32 | 7.2. Kortaskrá | 92 |
| 3.2.2. Byggingarefni..... | 34 | 7.3. Töfluskrá..... | 93 |
| 3.2.3 Húsgerð | 34 | | |



Mynd 1 Sauðárkrókur um 1893.

1

TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til að Gamli bærinn á Sauðárkróki -norðurhluti verði gerður að verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016. Í lögnum er verndarsvæði í byggð skilgreint sem „Afmörkuð byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli laga þessara.“

Með þessari tillögu vill Sveitarfélagið Skagafjörður festa verndun gamla bæjarins í sessi með það að markmiði að framtíðaruppbygging svæðisins taki mið af þeirri menningarsögulegri arfleifð sem svæðið býr yfir.

Hluti svæðisins er þegar skilgreindur sem hverfisverndarsvæði í deiliskipulagi frá 1987 en með því að stækka svæðið nú og skerpa á skilmálum í uppbyggingu þess er kominn mikilvægur grunnur fyrir endurskoðun þess skipulags og verndun svæðisins tryggari en áður.

1.1. AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS

Norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki er það svæði sem lagt er til að gert verði að verndarsvæði í byggð. Gamli bærinn á Sauðárkróki er elsti hluti byggðarinnar og sá hluti sem hér er tekinn fyrir, norðurhlutinn, er jafnframt ysti hluti íbúðabyggðar á Sauðárkróki.



Kort 1 Afmörkun verndarsvæðisins er sýnd innan rauðrar brotalínu. Gula afmörkunin sýnir hugsanlega stækkun svæðisins.

Svæðið er um 9,5 ha að stærð og afmarkast að norðan af nyrsta íbúðarhúsi Sauðárkróks, að austan af Strandvegi, að sunnan af Kirkjutorgi og Kirkjuklauf (Hlíðarstíg) og að vestan af Nöfum.

Í framhaldi væri mögulegt að stækka verndarsvæðið og taka þá suðurhluta gamla bæjarins fyrir. Þá næði verndarsvæðið yfir allan gamla bæinn, elsta bæjarkjarnann. Suðurhlutinn er aðeins minni, eða rúmir 7 ha.

1.2. RÖKSTUÐNINGUR TILLÖGU AÐ VERNDARSVÆÐI

Gamli bærinn á Sauðárkróki er, eins og nafnið gefur til kynna, elsti hluti byggðarinnar, hér standa elstu húsin sem hafa að geyma merkilega sögu um uppbyggingu og þróun bæjarins. Þessi hluti Sauðárkróks var á fyrstu 75 árum byggðarinnar allur bærinn. Þótt margt hafi breyst er hér mikilvæg saga fólgin í byggingarlist, menningararfi og umhverfi sem mikilvægt er að varðveita til framtíðar.



Mynd 2 Sauðárkrúkur um 1903.

1.3. SAMRÁÐ

Í kjölfar auglýsingar Minjastofnunar eftir umsóknum um styrki til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð, var ákveðið á fundi Byggðaráðs þann 17. ágúst 2016 að sækja um styrk. Minjastofnun samþykkti styrkumsóknina þann 14. september sama ár.

Vinna við verkefnið hófst af fullum krafti um miðjan ágústmánuð 2017, en vinna við húsaskráningu var þó hafin.

Þrjú íbúafundir voru haldnir til kynningar og samráðs um verkefnið. Þar að auki var verkefnið kynnt á Atvinnulífssýningu Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem haldin var helgina 5. – 6. maí 2018. Verkefnið var með stóran bás og fjölda uppdráttu til sýnis auk myndasýningar frá verndarsvæðunum. Fjöldi fólks staldraði við og forvitnaðist um verkefnið og var reglulega ánægjulegt að sjá hve margir sýndu því áhuga.

Á verkefnatímabilinu hafa starfsmenn verkefnisins farið á fund skipulags- og byggingarnefndar nokkrum sinnum til að veita henni upplýsingar um framgang verkefnisins.

Fyrsti íbúafundurinn var haldinn 21. nóvember 2017. Þar var hugmyndin um verndarsvæði í byggð kynnt, farið var yfir afmörkun svæðisins og verklag við vinnuna sem framundan var. Á fundinum var einnig leitað eftir samráði við íbúa.

Annar fundur var haldinn 3.júní 2018. Markmið þess fundar var að fá fram sjónarmið íbúa um svæðið og hvernig þeir vildu sjá það þróast til framtíðar. Þetta var vinnufundur þar sem þátttakendum var skipt upp í hópa og þeir látnir svara fyrirfram ákveðnum spurningum um minni reiti innan verndarsvæðisins. Góðar umræður voru í hópunum og mikill áhugi á meðal þátttakenda. Afraksturinn skilaði sér í fjölda nytsamlegra ábendinga.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 26. september 2018 voru drög að tillögnum kynnt og samþykkti nefndin einróma að auglýsa tillöguna í samræmi við 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Á fundi sveitarstjórnar sveitarfélagsins Skagafjarðar 17. október 2018 var niðurstaða skipulags- og byggingarnefndar samþykkt samhljóða.

Tillagan var auglýst frá 26. október til 7. desember og engar athugasemdir bárust.

Rétt er að geta þess að á verkefnatímabilinu hafa nokkrir staðkunnugir íbúar svæðisins margoft komið okkur til aðstoðar og miðlað af þekkingu sinni. Helst má þar nefna Ingólf Sveinsson, Brynjar Pálsson og Braga Skúlason. Kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir hjálpina.

Undirstaða þessarar greinargerðar er þær húsakannanir og fornleifaskráningar sem gerðar hafa verið á svæðinu.

1.4. SKILMÁLAR UM VERND OG UPPBYGGINGU INNAN VERNDARSVÆÐIS

Ákveðið var að fara þá leið að hafa skilmálana í rýmra lagi og ástæður fyrir því ýmsar; verndarsvæði í byggð skal endurskoða á fjögurra ára fresti og í þessari fyrstu tilraun þótti skynsamlegt að fara varlega af stað og þróa verkefnið heldur áfram eftir því hvernig það gengur. Þá er nýtt deiliskipulag fyrir gamla bæinn í farvatninu þar sem ný stefnumörkun og ítarlegri skilmálar verða unnir fyrir svæðið. Síðast en ekki síst er líklegri að sátt skapist um verkefni sem þetta ef það fær að þróast stig af stigi í samvinnu við íbúa á svæðinu.

Skilmálarnir eru skrifaðir með hugtakið samþætta verndun að leiðarljósi. Þá er áherslan sú að verndun og uppbygging fari saman, breytingar séu þess eðlis að þær styrki byggðina og þá þætti sem varðveislugildi hennar felast í.



Mynd 3 Sauðárkrúkur á þriðja áratug 20. aldar.

Því er mikilvægt að líta á þetta verkefni sem lifandi ferli sem breytist samhliða öðrum breytingum og þróun í samfélaginu. Hugmyndin er ekki að búa til safn eða að svæðið staðni heldur á bæjarhlutinn að fá að þróast áfram á eðlilegan hátt með samblöndu íbúðabyggðar og verslunar- og þjónustustarfsemi. Niðurstaðan skili sér í sterkum bæjarkjarna með styrkan grunn fyrir búsetu, mannlíf og þjónustu.



Mynd 4 Séð yfir gamla bæinn haustið 2017.

Við gerð skilmálanna var farin sú leið að setja fram almenna skilmála sem gilda fyrir allt verndarsvæðið. Í framhaldi var svæðinu skipt niður í 8 minni reiti og settir fram skilmálar fyrir hvern reit fyrir sig. Skilmálana má finna í 6. kafla greinargerðarinnar.



Lýsing

Markaðsdagur á Sauðárkróki um 1903
Ljósmynd Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

2

LÝSING Á BYGGÐ OG UMHVERFI

Hér verður verndarsvæðinu lýst og farið yfir staðfræði byggðarinnar, sögu hennar og þróun.

2.1. SAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR

Forsaga

Sauðár er fyrst getið í Sturlungu þar sem sagt er frá því að Sæmundur suðureyski hafi komið skipi sínu að landi. (KB 1969, 21). Að öllum líkindum hefur Gönguskarðsárós (Sauðárkrókur) verið verslunarhöfn framan af öldum og þótt heimildir séu fyrir fornu skipalægi í Gönguskarðsárósi myndaðist engin byggð á þeim slóðum framan af öldum. Á þessum tíma þegar algert verslunarfrelsi ríkti var vörum skipað á land hvar sem við var komið.

Eftir að einokun komst á árið 1602 voru verslunarstaðir ákveðnir með valdboði og skyldi verslunarhöfn Skagfirðinga vera í Hofsósi. Verslunarferðir fyrir þá sem bjuggu vestan Vatna voru oft erfiðar og hættulegar og var því brýn þörf á verslunarstað vestan megin.

Þegar einokuninni var aflétt árið 1787 var kominn grundvöllur fyrir því að setja á fót verslun á Sauðárkróki en málið dróst á langinn og næstu 85 árin stóð yfir barátta um uppsiglingu og fastaverslun á Sauðárkróki.



Kort 2 Íslandskort 1590, Abraham Ortelius.



Kort 3 Úr korti frá 1752. Land-Kort over Island, Niels Horrebouw.



Kort 4 Úr sjóskorti frá 1818. Voxsende Kaart over Skagestrands Bugt i Island.



Kort 5 Íslandskort frá 1850. Byggt á korti Björns Gunnlaugssonar.

Á þessu árabili, frá 1788-1873, týndu margir tugir Skagfirðinga lífinu í kaupstaðaferðum austur yfir Vötnin eða vestur á Skagaströnd. (KB 1969, 25-33).

Árið 1847 barst Alþingi bænarskrá frá 205 búandi mönnum í Skagafjarðarsýslu þess efnis að leyfð yrði uppsigling til verslunar á Sauðárkróki og bent á að bændur sem bjuggu vestan Héraðsvatna ættu erfitt með að sækja verslun austur fyrir Vötnin. Loks árið 1857 fékkst bænarskráin samþykkt og þá var loksins aftur leyfilegt að versla á Króknum eftir rúmlega 250 ára bann. Eftir þetta varð regluleg sumarverslun á Sauðárkróki og var verslunartíð tvisvar á ári, að vori og hausti. Þá komu fleiri hundruð manns til Sauðárkróks og dvöldu þar í nokkra daga. (KB 1969, 25-33).

Kauptúnum og kaupstöðum á Íslandi má skipta í tvo aðalflokka eftir aldri. Í fyrri flokknum eru staðir sem spruttu upp við tilkomu fríhöndlunar í lok 18. aldar en í þeim seinni eru þeir sem urðu til við upphaf fulls verslunarfrælsis árið 1856. Sauðárkrókur tilheyrir því síðari flokknum en þrátt fyrir verslunarfrælsið hófst ekki búseta á Sauðárkróki fyrr en árið 1871, sem er talið upphafsár Sauðárkrókkaupstaðar. (HÁ 1977, 4).

Fyrsti íbúinn

Árni Árnason klénsmiður og kona hans Sigríður Eggertsdóttir settust að á Sauðárkróki fyrst allra. Árni hafði sótt heim Einar bónda og hreppstjóra á Sauða og falað af honum land til að koma sér upp þurrabúð á Sauðárkróki. Einar varð við bóninni og Árni fluttist til Sauðárkróks þar sem hann ákvað að helga sig iðn sinni, stunda hvorki landbúnað né sjávarútveg en hugðist hafa greiðasölu sem aukastarf. Af þeim sökum var klénsmiðsnafnið lagt til hliðar en var upp frá því alltaf kallaður Árni vert. (KB 1969, 91-99).

Í upphafi byggðar var erfitt að nálgast gott drykkjarvatn og Árni vert hafði mikið fyrir því að finna gott vatnsból sem hann fann þó að lokum og reisti húsið sitt í námunda við það. Þetta var Ytrilind sem í seinni tíð kallast yfirleitt bara Lindin. Hún



Mynd 6 Sauðárkrúkur 1898.

stóð rétt ofan við húsið Lindarbrekku (Lindargötu 11). Næsta vatnsból, Syðrilind, var í Skógargötu, við suðurhorn Gróðrarstöðvarinnar (Knudsensgarðs). Lindirnar höfðu greinilega mikil áhrif á það hvernig bærinn þróaðist í fyrstu því í nágrenni þeirra risu fyrstu húsapýrpingarnar. (KB 1969, 172).

Tafla 1 Þróun fjölda íbúa á Sauðárkrúki 1889 til 1907. Tölur frá Hagstofu Íslands.



Mynd 7 Innbærinn árið 1900, séð niður Kristjánsklauf.

Það leið ekki á löngu þar til fyrsti verslunarmaðurinn, Hallur Ásgrímsson, settist að á Króknum og setti á fót fyrstu fastaverslun staðarins, Ásgrimsenshöndlun, árið 1873. (KB 1969, 91-99). Sama ár hófst fiskútflutningur frá Sauðárkrúki og var Hallur jafnframt fyrsti útgerðarmaðurinn með búsetu á Sauðárkrúki. Sauðkrækingar fóru myndarlega af stað í útgerð, frá árinu 1873 til 1877 fimmtánfaldaðist útflutningur. (KB 1969, 143).

Húsaskattur var fyrst innheimtur hér á landi árið 1879 og tók skatturinn til allra húseigna sem náðu 500 króna virðingarverði og fylgdu hvorki jörð né töldust til opinberra bygginga. Í fyrstu húseignaskýrslunni segir: „Tveir nýir verzlunarstaðir hafa skömmu fyrir 1879 vaxið upp úr engu og náð töluverðum þroska; það eru Sauðárkrúkur og Blönduós, og munu þeir eingöngu eiga tilveru sína því að þakka, að þeir liggja betur við fyrir héruðin í kring en gömlu kaupstaðirnir.“ (KB 1969, 169).

Árið 1879 er virðingarverð húseigna á Sauðárkrúki samanlagt 23.000 kr. og til samanburðar kr. 16.300 á Blönduósi, kr. 3.500 á Hofsósi, kr. 16.800 á Siglufirði og kr.



Mynd 8 Nokkur hús frá fyrstu áratugum byggðar. 1) Villa Nova og Þverhús, 2) Poppshús, 3) Blöndalshús (Vidalínspóstur lengst til hægri), 4) Ólafshús, 5) Grána (Uppsafir), 6) Hótel Tindastóll.

11.400 á Húsavík. Af þessum tölum má sjá að strax árið 1879, aðeins 8 árum eftir að fyrsti ábúendinn settist þar að, var Sauðárkrókur orðinn virðingarhæsta og að öllum líkindum best hýsta kaupún norðanlands. (KB 1969, 169).



Mynd 9 Sauðárkrókur um 1898-1900.

Árið 1880 voru íbúar orðnir 60 talsins, þar af voru sjö þeirra sem stunduðu verslun enda reis Sauðárkrókur að kröfu bænda sem sáu mikilvægi þess að hafa góða verslun í heimabyggð sem væri í beinu sambandi við markaði í Evrópu. Í framhaldi þótti eðlilegt að embættismenn hefðu aðsetur sitt þar sem flestir íbúar gætu nálgast þjónustu þeirra og enginn hreyfði mótbárum við því að héraðslæknir settist að á Sauðárkróki eða að héraðssjúkrahús skyldi rísa þar. (UI, 39-40).

Bærinn var því fljótur að þróast úr verstöð í útgerðarbæ og margir bágstaddir menn létu freistast af fiskisæld fyrstu árána, tóku sig upp í sveitunum, fluttu í þorpið og hófu útgerð. (KB 1969, 155). Á þessum tíma áttu sér stað miklar þjóðfélagsbreytingar, bændasamfélagið gat ekki brauðfætt fleiri og í kjölfarið flúðu margir sveitirnar og settust að við sjóinn þar sem lífslíkur voru betri og fólk gat framfleytt sér á fiskveiðum og daglaunavinnu. Aðrir flúðu land og fluttust til Ameríku og það kom fyrir að hreppurinn aðstoðaði fólk með fjárstyrk við flutninginn. Á tímabilinu 1870-1914 er áætlað að 15-16 þúsund manns hafi flutt vestur um haf til að freista gæfunnar. (ÁR 2001, 21).



Mynd 10 Úr Aðalgötu, frá vinstri: Svagrund (Aðalgata 17), Apótekið (Aðalgata 19) og fjærst Kaupangur (Aðalgata 21). Lengst til hægri sést glitta í Staðastað (Aðalgötu 20).

Verslunarlóðin

Árið 1883 skilur amtmaður verslunarstaðinn Sauðárkrók frá Sauðárjörðinni og ári síðar staðfestir landshöfðingi þá aðgerð. Skilgreining verslunarlóðarinnar var hinn svonefndi Sauðárkrókur, þ.e. strandlengjan frá Sauðárós og allt út til Gönguskarðsár og brekkan þar fyrir ofan. Eftir þetta skyldi sýslumaður mæla upp Sauðárkrók, sjá um að úthluta lóðum til þeirra sem vildu byggja og jafnframt mátti ekki byggja úr öðru en timbri eða steini. (KB 1969, 137).

Sauðárkrókur hélt áfram að vaxa og dafna með fjölbreyttu atvinnu- og menningarlífi svo eftir var tekið og þrátt fyrir ýmsar ófarir stóð kaupúnið sterkt um aldamótin 1900. Skortur á hafnaraðstöðu torvelaði þó framgangi bæjarins og uppbyggingu á stórútgæð en iðnaður var býsna fjölbreyttur og veitti mörgum atvinnu. (UI 2016, 91)



Mynd 11 Sauðárkrókur 1907.

Sauðárkrókshreppur

Árið 1907 varð Sauðárkrókur sjálfstætt bæjarfélag. Sauðárhreppi var þá skipt í tvö hreppsfélög, Sauðárkrókshrepp og Skarðshrepp. Sama ár dró til tíðinda vegna bankakreppunnar í Bandaríkjunum og þótt það hljómi fjarstæðukennt hafði hún veruleg áhrif á efnahag Skagfirðinga. Eitt helsta verkefni nýrrar hreppsnefndar á Sauðárkróki var nefnilega að stemma stigu við gjaldþroti nýja hreppsins vegna mikillar ásóknar í sveitarstyrki og að hreppurinn gengist í ábyrgð fyrir vöruúttektum í verslunum. (UI 2016, 91).

Vegna kreppunnar féllu afurðir í verði og danskir heildsalar kröfðust þess að greitt væri fyrir vörur við afhendingu en ekki með tímanum eins og alsíða var. Kaupmenn gengu harðar eftir skuldum en fyrr með tilheyrandi erfiðleikum fyrir verkafólk, sjávarafurðir féllu í verði og bændur urðu illa úti. Smákaupmenn urðu margir gjaldþrota þótt þeir stærri lifðu af. (UI 2016, 91)



Mynd 12 Sauðárkrúkur um 1912.

Þróun byggðar

Á fyrstu áratugum byggðar var byggilegt land af skornum skammti og því þaulnýtt. Eins og fyrr segir voru það náttúrulegir þættir sem hömluðu vexti bæjarins í þá tíð, en það var sjórinn í austri, Sauðá í suðri, Nafir í vestri og í norðri þvarr undirlendi þar sem fjaran mætti Nöfum. Byggðin teygðist því upp í Klaufirnar og eins langt niður að sjó og mögulegt var og af þessum ástæðum eru hús í gamla bænum í mismunandi hæð sem leiðir til þess að bæjarmyndin verður breytileg og lifandi. (ÁR 2001, 18).

Vegna þessa skorts á undirlendi nyrst í byggðinni óx bærinn til suðurs og var elsti bæjarkjarninn alltaf yst í bænum. Seinna byggðist þó upp hafnarvæði norður af byggðinni en íbúðabyggðin sjálf hefur þó ekki færst norðar og er ysta íbúðarhúsið í dag byggt um 1880. (ÁR 2001, 25)

Gamli bærinn á Sauðárkróki byggist að mestu upp á fyrstu 75 árum byggðarinnar. Elsti hlutinn sem liggur norðan Kirkjuklaufar byggðist upp á fyrstu 25-30 árum

byggðarinnar. Fyrsti landneminn settist að þar sem hann fann þokkalegt vatnsból (Ytrilind) og flóð í Sauðá náðu ekki til. Það hús stóð þar sem nú er Lindargata og þar risu einnig næstu hús sem á eftir komu en á milli 1880 og 1890 var farið að byggja við Aðalgötu. (KB 1969, 172). Þar sem þessar tvær götur mættust, á Kaupangstorgi, var miðpunktur byggðarinnar. Kirkjan var byggð 1892 og var þá nokkru sunnan við byggðina. (ÁR 2001, 25).

Um aldamótin 1900 er byggð þéttust við Aðalgötu og í húsáþyrpingunum í elsta hluta byggðarinnar, þar sem síðar urðu Lindargata og Skógargata.

Aðalgata teygðist síðan suður eftir og til varð Suðurgata, sem þá var í beinu framhaldi af henni. Á þessum tíma var Skagfirðingabraut enn þjóðbraut sem gegndi hlutverki sem samgöngu- og flutningavegur sem byrjað var að leggja árið 1907 og fyrsta húsið við hana reis ári síðar. Suðurgata lá frá kirkjunni og suður á Flæðar. Þegar hér var komið sögu færðist miðpunktur bæjarins til Kirkjutorgs, húsin sem stóðu næst kirkjunni voru nýr barnaskóli (1908) og sjúkrahús (1906). Ysta húsið við Suðurgötu var Læknishúsið (1901) sem var hluti af aðkomu bæjarins og stóð ásamt kirkjunni og barnaskólanum sem eins konar bæjarhlið. (ÁR 2001, 26).

Yngsti hluti gamla bæjarins er Freyjugata og Skagfirðingabraut. Fyrsta húsið sem reis við Skagfirðingabraut var samkomuhúsið Bifröst, byggt 1925. Freyjugatan lá meðfram fjörunni þegar komið var í bæinn úr austri. Hluti götunnar var lagður af kvenfélagskonum sem gangstígur. Í kringum 1940 er gamli bærinn orðinn nánast fullbyggður og byggðin farin að teygja sig suður að Faxatorgi. (ÁR 2001, 26).

Eins og áður er nefnt gat Sauðá verið til nokkurra vandræða þegar hún flæddi yfir bakka sína og olli skemmdum. Á veturna flæddi hún líka yfir flatlendið og Flæðarnar urðu að einu stóru svelli með tilheyrandi erfiðleikum fyrir umferð. Í ána fór sláturúrgangur, hún var notuð sem klóak og lyktaði eftir því og ýmsir töldu hana ógna heilsu manna. Það hafði þess vegna mikil áhrif þegar hún var svo færð úr



Kort 6 Sauðárkrúkur 1920. Kortið er teiknað upp eftir herföngingjaráðskortinu frá 1920.

bæjarstæðinu um 1950, því þá fengust byggingarlóðir þar sem hún hafði áður oltið um. Þar með var stór áhrifavaldur í þróun bæjarins horfinn en enn mótar fyrir gamla farveginum á Flæðum. (ÁR 2001, 26).



Mynd 13 Sauðárkrúkur 1910-1912.



Mynd 14 Sauðárkrúkur 1926.




Kort 7 Sauðárkrúkur 1934. Kortið er teiknað upp eftir korti Jóns J. Víðis frá 1934.



Mynd 15 Sauðárkrúkur um 1930.



Mynd 16 Sauðárkrúkur 1931-1934.




Kort 8 Sauðárkrúkur 1956. Kortið er teiknað upp eftir loftmynd frá 1956.



Mynd 17 Séð yfir gamla bæinn úr Kirkjugarðsstíg, 1959.



Mynd 18 Sauðárkrúkur á 6. áratugnum.




Kort 9 Sauðárkrúkur 1974. Kortið er teiknað upp eftir loftmynd frá 1974.



Mynd 19 Innbærinn um 1970.



Mynd 20 Útbærinn um 1980.



Kort 10 Sauðárkrúkur 2017. Kortið er teiknað upp eftir loftmynd frá 2017.



Mynd 21 Haust 2017.



Mynd 22 Sumar 2017.

2.2. STAÐFRÆÐI

2.2.1. Landfræðileg lega

Sauðárkrókur liggur við botn Skagafjarðar að vestanverðu. Skagafjörður er einn stærsti fjörður landsins, um 40 km langur og 30 km breiður. Sauðárkrókur er stærsti þéttbýliskjarni Sveitarfélagsins Skagafjarðar og jafnframt stærsti þéttbýlisstaður landshlutans en Skagafjörður tilheyrir Norðurlandi vestra.

Tvær aðalveg tengingar eru að Sauðárkróki; um Þverárfjallsveg (744) að norðan og Sauðárkróksbraut (75) að sunnan. Einnig tengist Sauðárkróksbraut Siglufjarðarvegi (76) austan Héraðsvatna. Verndarsvæðið, norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki, er um 7 ha að stærð, sjá mynd 3. Svæðið tekur yfir nyrsta hluta íbúðabygðarinnar en þar fyrir norðan eru athafnasvæði og hafnarsvæði.


2.3 STAÐHÆTTIR OG LANDSLAG

Í Sögu Sauðárkróks er Sauðárkróki lýst þannig:

„Inn af botni Skagafjarðar suðvestanverðum gengur lítill vogur, sem heitir Sauðárkrókur. Upp af honum er mjó landspilda, sem takmarkast að vestan af háum og bröttum melkömbum, og kallast brekkubrúnirnar Nafir. eru þær á nokkrum stöðum sundur skornar af giljum, sem einu nafni heita Klaufir.“ (KB 1969, 11).

Sauðárkrókur er upphaflega nafnið á víkinni sem varð milli Gönguskarðsár og Sauðár. (KB 1969, 12).

Í upphafi réðu árnar, Gönguskarðsá og Sauða, útmörkum bæjarins að norðan og sunnan, fjaran að austan og Nafir að vestan. Þessi skýru mörk bæjarstæðisins eru ógreinilegri í dag, aukið hefur verið við land í norðurhlutanum, Sauða hefur verið færð suður fyrir bæinn og Strandvegur kominn meðfram fjörunni. Nafirnar standa óhaggaðar, en í stað þess að vera gróðursnauðir, gráir malarkambar eru þær nú nánast algrónar. (ÁR 2001, 14).



Kort 11 Hversfaskipting á Sauðárkróki.



Mynd 23 Séð yfir gamla bæinn úr norðri.

Gamli bærinn er flatlendur, landræman eða malarkambarnir sem bærinn stendur á liggur í 2,5-3 m hæð yfir sjávarmáli og rætur Nafa í um 5 m hæð. Þær rísa þær 30-40 m háar og mjög brattar eins og grænn veggur sem byggðin kúrir sig upp að.

Helstu landslagsþættir eru þessir:

Nafir eru um 30-40 m háir og brattir malarkambar sem afmarka gamla bæinn að vestanverðu eins og veggur. Þær liggja frá norðri til suðurs, um 1800 m langar og mjög brattar. Þær mynduðust á síðustu ísöld þegar sjávarhæð var um 50 m hærri en nú er. Þá flutti Gönguskarðsá mikið efni með sér til sjávar og myndaði mikla óseyri. Nafirnar eru því gamall sjávarbotn. (ÁR 2001, 17).

Klaufir eru nokkur lítil gil sem skerast inn í Nafirnar. Af þeim eru fimm áberandi stærstar og bera nöfn af húsum sem stóðu í þeim eða því fólki sem bjó þar í nágrenninu. Flestar þeirra hafa þó fleiri en eitt nafn því þau hafa gjarnan breyst með tímanum eftir því sem byggðin þróaðist. Tvær þessara klaufa eru innan verndarsvæðisins, Kirkjuklauf við suðurmörk svæðisins og Kristjánsklauf (Vertshússklauf) norðar. Í Klaufunum er bratt og þröngt, þar er rýmismyndun sterk og húsin standa þétt og óreglulega. Útsýnið yfir bæinn og fjörðinn er mikið. (ÁR 2001, 17).

Fjaran afmarkar bærstæðið að austan og hefur tekið nokkrum breytingum frá upphafi byggðar. Ágangur sjávar braut land án afláts og nagaði af því það litla undirlendi sem byggðin stóð á. Í dag er samfelldur varnargarður úr grjóti eftir strandlengjunni innan þéttbýlisins.

2.4. OPIN SVÆÐI OG GRÓÐUR

„Í skjóli Nafa hefur gamli bærinn grænt og gamalgróið yfirbragð. Niður við sjó á gróður erfitt uppdráttar og hér er bæjarmyndin opnari.“ (ÁR 2005, 34)

Í upphafi byggðar á Sauðárkróki var bærstæðið gróðursnautt og Nafirnar, sem nú eru grænar á að líta, algerlega gróðurvana. Með tímanum fékk gráleitt yfirbragð malarinnar á sig græna slikju, því mörgum húsum tilheyrðu útihús og síðar matjurtagarðar. Um aldamótin 1900 var kominn upp trjágarður (Knudsenagarður)



Mynd 24 Horft yfir gamla bæinn til norðurs. Myndin er tekin úr Kirkjugarðsstíg árið 1920. Niður stíginn ganga mælingamenn kortadeildar danska herforingjaráðsins.



Mynd 25 Séð suður Skógargötu.

við Skógargötu og um 1930 gróðursettu kvenfélagskonur 3000 birkiplöntur í Nafirnar. (KB 1971, 218).

Í Nöfunum ofan við Lindargötu og Skógargötu nær trjágróður alla leið upp á brekkubrún og þessi svæði setja sterkan grænan svip á gamla bæinn.

Í áranna rás hefur trjáplöntum í Nöfum fjölgað og tegundafjölbreytni aukist, þar má finna sígræn tré í bland við lauffellandi tré, ýmis víðiafbrigði ásamt móagróðri og grasi. Skógargata er grónasta gata svæðisins, þar eru garðar með gömlum og háum trjám sem gefa götumyndinni mýkt og fyllingu á sama tíma og trén styrkja gamalgróið yfirbragð. Á sama hátt setja gömul tré svip á Aðalgötu og þar sést jafnframt glitta í grænu svæði Skógargötunnar á milli húsa. (ÁR 2001, 34).

Þegar nær dregur sjónum verður gróðurinn sífellt gisnari og bæjarmyndin nánast gróðursnaud, mestmegnis gras og lágir runnar.



Mynd 26 Séð yfir Sævarstíg og norðurhluta Freyjugötu.



Mynd 27 Aðalgata 21 í forgrunni, Lindargötumegin.



Mynd 28 Norðurhluti gamla bæjarins.

Meðfram gamla bænum að austanverðu er grasi vaxin landræma sem aðskilur byggðina frá Strandvegi/Eyrarvegi en austan hans er fjaran. Á svipuðum slóðum og gamla bryggjan var forðum er nú sjóvarnargarður (Suðurgarður) sem fullgerður var árið 2009. (Morgunblaðið 2009, 29). Norðan garðsins er smábátabryggja og athafnasvæði Siglingaklúbbins Drangeyjar og hér er nokkuð um að fólk stundi sjósund og stangveiði.



Mynd 29 Horft yfir að smábátahöfninni.

2.5. AÐKOMULEIÐIR OG HELSTU AKSTURS- OG GÖNGULEIÐIR

Aðkomur í gamla bæinn eru allnokkrar en tvær þeirra má kalla aðalaðkomur. Báðar tengjast þær Aðalgötu sem liggur eftir svæðinu endilöngu og markar upphaf þess í norðri og suðri. Frá norðri tengist Eyrarvegur/Strandvegur Aðalgötunni en úr suðri er það Skagfirðingabraut.


Götur á svæðinu eru ekki margar en býsna ólíkar. Í elsta hluta bæjarins var lengi vel ekki ráðist í gatnaframkvæmdir og var þá aðeins um eina götu að ræða, sjálfa Aðalgötu. Göturými Aðalgötu er mest og byggð við hana einna reglulegust. Eins og áður hefur komið fram er byggð við Lindargötu og Skógargötu óregluleg og það sama má segja um stígana Þrjá, Kambastíg, Hlíðarstíg og Sævarstíg. Eyður í húsaraðir er víða að finna sem hafa neikvæð áhrif á göturými.

Í fyrri bæjarkönnun eru götur gamla bæjarins flokkaðar í þrennt:

- aðalgötur
- samhliða götur
- þvergötur

Aðalgatan sjálf er eina gatan í norðurhluta gamla bæjarins sem flokkast sem aðalgata samkvæmt þessu kerfi sem er skilgreind á þann hátt að vera berandi gata með mikilli umferð.

Samhliða götur liggja eftir því sem rými leyfir milli Nafa og Aðalgötu og teygja sig á milli klaufa. Nyrst er það Lindargata sem liggur þétt samhliða Aðalgötu, með rými fyrir hús vestan götunnar. Sunnan Kristjánsklaufar liggur Skógargata samhliða Aðalgötu, hér er svæðið rýmra og pláss fyrir hús beggja megin götunnar. Hérna er jafnan lítil umferð og yfirleitt aðeins í tengslum við þau íbúðarhús sem hér standa eða að bílastæðum við baklóðir Aðalgötu.



Kort 12 Götur og göngustígar á svæðinu.

Þvergötur eru stuttar og tengja aðalgötur við samhliða götur. Tvær þvergötur eru í klaufum, Hlíðarstígur í Kirkjuklauf og Kambastígur í Kristjánsklauf. Kirkjuklauf tengir einnig gamla bæinn upp á Nafir, eða við Móa eins og landsvæðið kallast. Bjarkarstígur tengir svo Skógargötu við Aðalgötu og Sævarstígur tengir Freyjugötu við Aðalgötu. Drjúg umferð getur verið í þvergötum sem eru oft styttri leiðir inn í bæjarhlutann og á verndarsvæðinu er það einkum umferð um Sævarstíg sem tengist Strandvegi.



Mynd 30 Kaupangstorg.



Mynd 31 Kirkjutorg.

Gönguleiðir að svæðinu eru upp Kristjánsklauf og utan í Nöfum liggur Kirkjugarðsstígur, báðar þessar leiðir tengja gamla bæinn við Móana. Á skipulagi er einnig merkt leið upp Gránuklauf, sem liggur við norðurmörk svæðisins, en í dag er þar ekki eiginleg gönguleið þótt vissulega gangi fólk um svæðið. Reiðleið liggur meðfram Strandvegi og áfram meðfram Eyrarvegi til norðurs en tengist ekki inn í svæðið sjálft.

Torg eru á tveimur stöðum á verndarsvæðinu, Kirkjutorg við suðurmörk svæðisins og Kaupangstorg rétt norðan við miðju.

Kaupangstorg getur þó tæplega kallast torg, eins og þau eru almennt skilgreind. Það gegndi líklega því hlutverki fyrir margt löngu og hefur þar með byggðarsögulegt gildi. Það er staðsett á hnútpunkti í elsta kjarna byggðarinnar við Lindargötu og Aðalgötu, eiginlega neðst í Kristjánsklauf. Svæðið er bratt og malarborið og er eingöngu nýtt fyrir bílaumferð og bílastæði.

Kirkjutorg stendur austan við kirkjuna og er miðpunktur gamla bæjarins. Í miðju torginu er grasblettur og umhverfis hann akrein og bílastæði. Torgið er enn notað til ýmiss konar mannfagnaða, þar er haldin jólatrésskemmtun enda jólatré bæjarins staðsett þar og á bæjarhátíð Sauðkrækinga, Lumudögum, er Aðalgatan lokuð fyrir akandi umferð og gjarnan settir upp sölubásar við torgið. Það má því segja að Kirkjutorg standi betur undir nafni en Kaupangstorg.

2.6. ÖRNEFNI, ÞAR MEÐ TALIN GÖTUNÖFN

Örnefni á verndarsvæðinu eru ekki mörg, aðallega er þar um að ræða götunöfn. Fyrir utan götunöfn er helst að telja klaufanöfnin en þrjár klaufar eru innan svæðisins; Gránuklauf nyrst, þá Kristjánsklauf og Kirkjuklauf syðst. Algengt er að sama klaufin beri fleiri en eitt nafn og sýnist sitt hverjum hvað sé réttast og best í því efni. Það verður ekki tekin afstaða til þess hér en á kortið eru sett þau nöfn sem algengast er að nota í dag.



Kort 13 Örnefni á verndarsvæðinu.


Það er þó mikilvægt að halda öllum þessum nöfnum til haga og af þessum þremur klaufum bera tvær þeirra fleiri en eitt nafn, aðeins Kirkjuklaufin virðist þekkt undir einu nafni. Hér má sjá önnur þekkt nöfn Gránuklaufar og Kristjánsklaufar:

| | |
|-------------------|-----------------------|
| Gránuklauf | Kristjánsklauf |
| Poppsklauf | Vertshús(s)klauf |
| Bakarísklauf | |
| Ystaklauf | |


Lindin ofan Lindargötu, sem hafði svo mikil áhrif á hvar fyrsti íbúinn settist að eins og áður sagði, var áður kölluð Ytrilind til aðgreiningar frá Syðrilind og Syðstulind, en í dag er algengara er að hún sé einfaldlega kölluð Lindin.

Það er ekki fyrr en Sauðárkrókur fær kaupstaðarréttindi árið 1947 að götur bæjarins fá nöfn og húsínúmer. Áður voru húsheiti notuð og algengt er að eitt og sama húsið hafi gengið undir mörgum nöfnum en þau breyttust gjarnan með nýjum eigenda. Götuheitin endurspeglar örnefni og kennileiti á svæðinu.


Aðalgata og götur samhliða henni fengu endinguna –gata. Stuttu þvergöturnar fengu endinguna –stígur. (ÁR 2001, 44).



Kort 14 Sauðárkrókur um 1915. Höfundur óþekktur.



Kort 15 Sauðárkrúkur 1920. Landmælingadeild danska herforingjaráðsins.



Greining

Sauðárkrókur um 1910
Ljósmynd Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

3

GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐAR

Hér að framan er saga og þróun byggðar á verndarsvæðinu rakin í stuttu máli. Í framhaldi verður svipmót byggðarinnar greint og rakið hvernig ákveðin tímabil í sögunni hafa sett mark sitt á byggðina eins og hún blasir við í dag. Hér koma gömul kort og ljósmyndir að miklu gagni þar sem þau sýna vel hvernig byggðin hefur myndast og hvernig staðhættir, bæði landslag og mannvirki, hafa breyst í áranna rás.

Afar áhugavert er að bera saman ljósmyndir og kort frá sama eða svipuðu sjónarhorni en með margra áratuga millibili. Sem dæmi má nefna vinsælt sjónarhorn myndasmiða þar sem tekið er yfir gamla bæinn frá Nöfum, með kirkjuna í forgrunni. Myndasyrpan hér á eftir sýnir vel hvernig bæjarhlutinn breytist í tímans rás.


Tvö kort öðrum fremur voru sérstaklega hjálpleg við greininguna. Hér á eftir eru klippur úr þeim og er afmörkun svæðisins felld inn á kortin. Fyrra kortið er frá 1920 en það seinna frá 1934. Þó skal hafa í huga að á yngri byggingar geta verið á kortinu frá 1934 því þótt grunnkortið sé frá þeim tíma hefur það ekki fundist en þessi útgáfa hér sýnir viðbætur allt til ársins 1936.




Mynd 33 Sauðárkrókur 1893, og fyrir neðan mynd frá 1898.



Mynd 34 Efst Sauðárkrókur um 1903, svo um 1910 og loks um 1930.



Kort 16 Sauðárkrókur 1920.



Kort 17 Sauðárkrúkur 1934.

3.1. SVIPMÓT LANDSLAGS

Gamli bærinn hefur grænt og gamalgróið yfirbragð. Nafirnar setja sterkan svip á landslagið og bæjarmyndina vegna þess hve háar og brattar þær eru.

„Þegar rýmismyndun skortir binda Nafir bæinn saman. Þær liggja sem einkonar veggur meðfram öllum gamla bænum. Klaufirnar gefa brekkunum ákveðinn hrynjanda og mynda sérstæða ramma fyrir þá byggð sem þar er.“ (ÁR 2001, 34).



Mynd 35 Sauðárkrúkur aldamótaárið, horft til suðurs.

Landslag gamla bæjarins hefur breyst nokkuð frá upphafi byggðar og stærstu breytingarnar hafa orðið af mannavöldum í þeirri viðleitni að koma skikki á óstýrilát náttúruöflin.

Byggðin var fyrst öll á þessari mjóu landspildu undir Nöfunum, norðan við ós Sauðár, sem þá rann fram úr Sauðárgili og til norðurs um eyrar undir Nöfunum, út undir þar sem nú er Kirkjutorg, þar beygði hún snögglega til austurs þar sem hún rann til

sjávar. Þannig var öll byggðin í fyrstu norðan árinna en færðist síðar suður fyrir ána sem rann þá í gegnum bæinn skamma hríð. Henni var síðar veitt til suðurs, þaðan sem hún kemur úr Sauðárgili, fyrst niður í Áshildarholtsvatn og síðar í Tjarnartjörn. Eftir að áin var færð gafst möguleiki á að byggja lengra til suðurs. Sauða hafði mikil áhrif á bæjarlífið og þróun bæjarins.

Sauða var ólíkindatól sem alla jafna var sakleysisleg en átti auðvelt með að valda óskunda á flatlendu bæjarstæðinu þegar hún flæddi yfir bakka sína. Vandamálið jókst eftir því sem byggðin færðist sunnar og olli bæjarbúum hvað eftir annað miklum búsifjum. Tilraunir til að hemja ána með varnargörðum báru ekki árangur til lengdar og var því brugðið á það ráð árið 1950 að leiða hana í skurð suður fyrir byggðina niður í Áshildarholtsvatn. (KB 1969, 172). Seinna var henni svo beint í Tjarnartjörn og þangað rennur hún enn.



Mynd 36 Sauðárkrókur 1925. Hér rennur Sauða í stokki neðan við Læknishúsið, þar sem nú er Suðurgata 1.

Fjaran er eitt þeirra landslagseinkenna sem er hvað mest áberandi í gamla bænum og jafnframt það sem hvað mest hefur breyst. Þessar breytingar eru ekki sýnilegar í landslaginu en með því að bera saman gömul kort og ljósmyndir við nútímann verða þær mjög greinilegar. Landbrot var mikið sökum brimgangs og braut sífellt meir og meir af Eyrinni og bæjarstæði fóru þar í sjó og meira að segja voru hús í þorpinu sjálfu í hættu.



Mynd 37 Sauðárkrókur um 1900.

Ástæðan fyrir auknu landbroti var líklega sú að við upphaf byggðar var grjót, mól og sandur sótt í fjöruna sem hafði verið grýtt áður og því nokkur brimvörn af henni. En sífellt gekk á fjörugrjótið og um 1920 var það allt uppurið. (KB 1971, 216). Það var því nauðsynlegt að grípa til aðgerða að verja þorpið og háðu bæjarbúar langa og erfiða baráttu við landbrotið með því að reisa varnargarða og öldubrjóta. (KB 1971, 238-252).



Kort 18 Strandlína 1920 samanborið við strandlínu 2017.

Við Sauðárkrók er engin náttúruleg höfn, bátar voru dregnir upp á malarkambana en stærri skip lágu við akkeri úti á víkinni.



Mynd 38 Brýtur á gömlu bryggjunni. Óvíst hvenær myndin er tekin.



Mynd 39 Sauðárkrókur 1903.



Mynd 40 Sauðárkrúkur 1925.

Lausabryggjur voru notaðar þar til gamla bryggjan var byggð árið 1916 en hún er nú horfin af sjónarsviðinu. Gamla bryggjan þjónaði útgerðinni þar til ný bryggja var tekin í notkun á Eyri árið 1939. Miklar framkvæmdir á Eyri, öldubryjótar og hafnarmannvirki ollu því að landrof stöðvaðist í gamla bænum og færðist til suðurs. Öldubryjótar breyta ferli sjávarstrauma og þannig safnast saman efni sem nýtt hefur verið til uppbyggingar lands og einnig hefur efni úr dýpkunum hafnarinnar gegnum tíðina verið nýtt í sama tilgangi. Þannig hafa átt sér stað miklir landvinningar meðfram strandlengjunni með tilheyrandi breytingum á strandlínunni. (ÁR 2001, 28).

Fjaran er því ákaflega raskað svæði, „gamla“ fjaran löngu horfin og segja má að allt svæði austan strandlengjunnar eins og hún var árið 1920 sé tilbúið af mannavöldum. Við fjöruborðið voru áður lausabryggjur og verbúðir en nú er grjótagarður eftir mestallri strandlengjunni svo ördugt er að komast niður að sjó og 365 m langur sjóvarnargarður (Suðurgarður) gengur út frá landinu á sömu slóðum og gamla bryggjan var áður. Norðan hans er smábátabryggja og verkstæði Kaupfélags Skagfirðinga. Það er því óhætt að segja að landslag við fjöruna hafi breyst mjög mikið.



Mynd 41 Séd niður Kristjánsklauf.

Nafirnar hafa mikil áhrif á svipmót byggðarinnar og þrátt fyrir að þær hafi ekki mikið breyst að forminu til frá upphafi byggðar þá er ásýnd þeirra nú græn en ekki grá eins og fyrr segir. Við upphaf búsetu voru þær gróðurlausar malarbrekkur en eru nú algrónar. Að öðru leyti eru þær lítt raskaðar.



Mynd 42 Sauðárkrúkur 1925.



Mynd 43 Gamli bærinn úr norðri.

3.1.1. Sjónásar – útsýnisstaðir - kennileiti

Hluti af bæjarmynd Sauðárkróks eru eyjarnar Málmey og Drangey ásamt Þórðarhöfða sem liggja úti á Firðinum. Einnig eru einkennandi fjöllin og þar ber hæst Tindastól sem gnæfir yfir bæinn þótt í nokkurri fjarlægð sé, en Austurfjöllin (Tröllaskagi) loka sjóndeildarhringnum í austri. Fyrir miðjum fjarðarbotninum liggur Hegrans, um 180 m há klettaeyja klofin af aðalvatnsfalli fjarðarins, jökulánni Héraðsvötnum. (ÁR 2001, 16). Eyjarnar og fjallahringinn má því telja til kennileita á svæðinu þótt þau séu vissulega ekki staðsett í gamla bænum því þessir landslagsþættir hafa mjög sterk sjónræn áhrif á svæðinu.

Á Nöfunum fyrir ofan gamla bæinn er vinsæll útsýnisstaður og við kirkjugarðinn, við enda Kirkjugarðsstígs, er staðsett hringsjá. Þarna er mjög gott útsýni yfir gamla bæinn og einnig sjást eyjarnar vel og fjallahringurinn allur.

Helstu kennileiti í landslagi við gamla bæinn eru Nafirnar og eru þær mjög afgerandi í landslaginu enda bæði háar og brattar og mynda samfelldan vegg við vesturmörk byggðarinnar.



Mynd 44 Horft yfir norðurhluta gamla bæjarins úr suðri.

Milli gatna í gamla bænum eru rík sjónræn tengsl og ganga um bæinn býður upp á lifandi umhverfi með stöðugu samspili rýma. Á milli stakra húsa sést glitta í sjó, Nafir og hús við aðrar götur.



Mynd 45 Séð yfir smábátahöfnina til vesturs.



Mynd 46 Fjórar vetrarmyndir af svæðinu, frá suðri til norðurs.

Nokkur hús skera sig úr sem kennileiti og ber þar hæst útverði elsta bæjarkjarnans, Villa Nova í norðri og kirkjuna í suðri. Húsin eru þau einu í gamla bænum sem eru friðlýst. Kirkjan er sérstaklega áberandi því hár turninn rís yfir húsin í kring. Einnig má segja að hús við Brekkugötu og í Klaufunum skeri sig vegna þess hve hátt þau standa yfir annarri byggð.

3.2. SVIPMÓT BYGGINGA

3.2.1. Aldursdreifing

Ef litið er á aldersdreifingu húsanna má sjá að þessi bæjarhluti hefur haldið ágætu hlutfalli eldri húsa. Af 90 húsum eru 44 byggð 1925 eða fyrr og því umsagnarskyld. Af þessum 44 húsum eru 39 hundrað ára eða eldri og þar af leiðandi friðuð. Tvö þessara friðuðu húsa eru friðlýst, Sauðárkróskirkja og Villa Nova. Fornleifaskráning hefur þó leitt í ljós töluverðan fjölda húsa sem eru nú horfin.


Tafla 2 Aldursdreifing húsa á verndarsvæðinu.



Ef litið er á aldursdreifingu húsa á korti má sjá hvernig bærinn hefur þróast í gegnum tíðina (kort 19). Elstu húsin (1871-1900) er að finna við Aðalgötu, Skógargötu og Lindargötu. Á næsta tímabili (1900-1920) eru húsin staðsett aðallega við Skógargötu og Aðalgötu. Nú má marka áhrif steinsteyppunnar og byggð eru eins konar bakhús við Aðalgötu sem eru í stærri kantinum og gegndu hlutverki iðnaðarhúsa (sláturhús, síldarsöltun).

Á tímabilinu 1920 til 1940 má sjá að byggð lítilla íbúðarhúsa eru að teygja sig upp klaufarnar (Hlíðarstíg og Kambastíg) en þessi hús eru ýmist úr timbri eða steinsteypu.

Á árunum 1940 til 1960 má sjá ákveðna viðleitni til að byggja Aðalgötu upp sem megin verslunar- og þjónustusvæði á Sauðárkróki. Byggð eru nokkur hús sem voru með verslun/þjónustu á neðri hæð en íbúðir á efri hæðum. Stór steinsteypt hús eru byggð á neðri hluta Kambastígs en einnig heldur áfram uppbygging stórra steinsteyptra húsa í línu við „bakhús“ Aðalgötu.



Fá hús eru frá tímabilinu 1960 til dagsins í dag eða fimm hús. Augljóslega færðist uppbygging Sauðárkróks sunnar þegar á leið.

Kort 19 Þróun byggðar á svæðinu.

3.2.2. Byggingarefni

Sauðárkrókur er tillögulega ungur bær. Fyrstu íbúarnir setjast hér að 1871 og markast húsagerð bæjarins því nokkuð af því. Á skráningarsvæðinu voru skráð 90 hús. Af þeim eru 42 úr steinsteypu, eitt hláðið úr holsteini og 47 úr timbri.




Mynd 47 Byggingarefni húsa á verndarsvæðinu.

Svo virðist sem byrjað hafi verið að steypa hús í mót í kringum 1910 á Sauðárkróki. Á skráningarsvæðinu hafa timburhúsin þó haldið ágætlega velli. Það sem er áhyggjuefni er að flest þessara timburhúsa eru múrhúðuð eða járnklædd. Einungis 18 timburhúsanna eru að öllu leyti með timburklæðningu, 11 timburhúsanna eru með járnklæðningu, eitt með steniklæðningu og afgangurinn, 17 timburhús, eru með múrhúð. Hörður Ágústsson segir að múrhúðun sé ein „versta viðgerðartækni, sem beitt hefur verið á íslensk timburhús“. Taldi Hörður að múrhúðunin breytti svip húsanna og listrænum einkennum en auk þess kemur múrhúðunin í veg fyrir „eðlilega innri loftræstingu veggja“, húsin söfnuðu raka, og „feygði húsin smátt og smátt innan frá.“ Þegar Hörður gerði húsakönnun sína fyrir Sauðárkrók kom honum á óvart hve mörg húsanna voru múrhúðuð. „Við fyrstu sýn virðist gamli bærinn á Sauðárkróki, einkum Aðalgatan, einkennast af steinhúsabyggð. Þessu er í raun öfugt farið... Í byggingarefnisgreiningunni kom sem sagt í ljós, að rúmur helmingur timburhúsa á Sauðárkróki er múrhúðaður og þó nokkur í viðbót sett annarlegum efnum eins og asbesti og skífu.“ (HÁ 1977, 22). Og enn hafa timburhúsin haldið ágætlega velli.

3.2.3 Húsgerð

Greina má vissa þróun í húsagerð af þeim húsum sem rannsökuð voru á skráningarsvæðinu.

Tafla 3 Húsgerðir. Gengið út frá útliti húsa í upphaflegri mynd.



3.2.3.1. DANSK-ÍSLENSK GERÐ

Hin svokallaða dansk-íslensk gerð er ráðandi þegar litið er á elstu húsin á Sauðárkróki. Þessi gerð virðist þó hverfa nokkuð snögglega um aldamótin 1900.

Fjögur dæmi um hús sem enn bera einkenni þessarar gerðar eru Lindargata 13 (1874), Aðalgata 17 (1888), Skógargata 7 (1878) og Skógargata 9 (1880). Þau eru byggð á tímabilinu 1874 til 1888. Öll eru þau með fremur bröttu/háu risi og lágum sökkli. (HÁ 1977, 20). Upphaflega hafa þau öll verið með timburklæðningu. Lindargata 13 er elsta uppistandandi hús á Sauðárkróki, byggt 1874. Búið er að bæta við húsið stórum kvistum. Þrátt fyrir það er upprunalegt form hússins vel greinanlegt. Leitast hefur verið við að koma húsinu í upprunalegt horf eins og kostur er. Hin húsin eru með múrhúð eða járnklæðningu eða jafnvel bæði. Ekki er vitað hvernig ástandið er á veggjum undir klæðningu.



Mynd 48 Aðalgata 17, Lindargata 13, Skógargata 7 og Skógargata 9.

Nokkur afbrigði má finna við þessa gerð húsa. Lindargata 9 (1891) ber sterk einkenni dansk-íslenskrar gerðar með sínu bratta og háa risi en óvenju hár sökkull hefur alltaf verið undir því húsi sem gefur því sérstaka ásýnd. Aðalgata 16c (1917) er á lágum sökkli og hátt ris en er aftur á móti portbyggt og hækka þannig veggir í hlutfalli við ris. Aðalgata 16 var endurbyggt í svipuðum stíl en stórir, tvöfaldir kvistir setja mikinn svip á húsið (1887-1890/2009). Samskonar kvistur er á Lindargötu 3 (1835/1884) en það er bæði portbyggt og á háum sökkli.

| Tímabil | Fjöldi húsa | Dansk-íslensk gerð |
|-----------|-------------|--------------------|
| 1874-1880 | 4 | 4 |
| 1881-1890 | 6 | 4 |
| 1891-1900 | 12 | 7 |
| 1901-1910 | 13 | 1 |
| 1911-1920 | 4 | 0 |
| 1921-1930 | 14 | 0 |
| 1931-1940 | 9 | 0 |
| 1941-1950 | 13 | 0 |
| 1951-1960 | 10 | 0 |
| 1961-1970 | 2 | 0 |
| 1971-1980 | 1 | 0 |
| 1981-1990 | 1 | 0 |
| 1991-2000 | 1 | 0 |



Mynd 49 Lindargata 9, Aðalgata 16c, Lindargata 3 og Aðalgata 16.



Mynd 50 Aðalgata 13, Aðalgata 15, Aðalgata 19 og Lindargata 7.

Risið er einnig ekki eins bratt og á fyrrnefndum húsum sem er áhugavert í ljósi þess að talið er að upphaflega hafi húsið verið reist í Grafarósi árið 1835.

Fjögur hús, öll byggð árið 1897, svipar nokkuð til Lindargötu 3, þ.e.a.s. portbyggð með kvisti. Af þessum fjórum húsum er Aðalgata 13 með brattasta risið og hefur lágan sökkul. Aðalgata 15 og 19 eru bæði portbyggð með sökkli og tvöföldum kvisti.

Risið er ekki eins hátt/bratt og hin húsin. Lindargata 7 er með litlum kvisti og inngangur á framhlið en svipar að öðru leyti mjög til Aðalgötu 15 og 19.

3.2.3.2 SVEITSER

Á seinni hluta 19. aldar og fram á 20. öld stunduðu Norðmenn síldveiðar og hvalveiðar á Íslandi. Norskir útgerðarmenn sem dvöldu á Íslandi vegna þessa fluttu með sér norsk sveitserhús og reistu hér á landi. „Framleiðendur húsanna gáfu út



Mynd 51 Aðalgata 23, Aðalgata 9, Skógargata 10b, Aðalgata 1.

auglýsingabæklinga með myndum af húsunum sem íslenskir smiðir notuðu sem fyrirmyndir húsa sem þeir reistu.“ Húsin ganga því einnig undir nafninu katalog hús.

„Einkenni sveitserhúsa er hár og vel gerður sökkull, mikið þakskegg með skrautlega útskornum sperruendum, portbyggð og oftast með rismiklu þaki, skrautlegur umbúnaður glugga og hurða, þakbrúnir og gaflar mikið skreytt, bönd umhverfis húsin við glugga, veggklæðning lárétt, strikuð súð og skífur á þökum í byrjun. Á húsunum eru gjarnan innbyggðar svalir eða vetrarstofur. Inngangur er að jafnaði á gafl og komið inn í gang með stiga upp á efri hæð. Gluggar eru ýmist krosspósta með einni rúðu í neðri ramma en síðar urðu T-laga gluggar með miðjupóst upp að þverpósti algengari.“ (GLH 200, 109).

Hörður Ágústsson telur Aðalgötu 23 (1903) vera „alnorskt innflutt hús í dæmigerðum svæsir-stíl, eitt sérkennilegasta dæmi sinnar tegundar á Íslandi.“ (HÁ 1977, 20). Aðalgata 9 (1900) og Skógargata 10b (1901) teljast fremur til norsk-íslensks sveitser. Hörður flokkar Aðalgötu 1 (1906) einnig til þeirrar gerðar.

3.2.3.3. LÁGRIS GERÐ


Hörður Ágústsson benti á í húsakönnun sinni að á Sauðárkróki megi finna „tilbrigði“ við norsk-íslenskan stíl. Stakk hann upp á því að kalla hann „lágris-gerð“. Húsagerð þessi hafi um tíma sett mikinn svip á staðinn. „Hús þessi sverja sig í ætt við norsk-íslensku gerð að því leyti að þau eru á háum sökkli og bera vitni sama snikkaraverks í útfærslu en eru hvorki með porti, háu risi eða kvistum, þau eru óvenjulega rislág í orðsins réttu merkingu.“ (HÁ 1977, 20).

Ef marka má flokkun uppistandandi húsa má ætla að lágris-gerðin hafi tekið við að dönsk-íslensku gerðinni sem ráðandi byggingarstíll um aldamótin.

Enn má finna hús á Sauðárkróki þessarar gerðar. Ágæt dæmi eru Skógargata 11 (1898), Skógargata 5b (1898), Aðalgata 21b (1904) og Aðalgata 2 (1908).



Mynd 52 Skógargata 11, Skógargata 5b, Aðalgata 21b og Aðalgata 2.



Mynd 53 Sauðárkrókur frá tímabilinu 1908-1913. Hús lágris-gerðar merkt hvítum kassa.

| Tímabil | Fjöldi húsa | Dansk-íslensk gerð | Lágris-gerð |
|-----------|-------------|--------------------|-------------|
| 1874-1880 | 4 | 4 | 0 |
| 1881-1890 | 6 | 4 | 0 |
| 1891-1900 | 12 | 7 | 3 |
| 1901-1910 | 13 | 1 | 7 |
| 1911-1920 | 4 | 0 | 0 |
| 1921-1930 | 14 | 0 | 1 |
| 1931-1940 | 9 | 0 | 0 |
| 1941-1950 | 13 | 0 | 0 |
| 1951-1960 | 10 | 0 | 0 |
| 1961-1970 | 2 | 0 | 0 |
| 1971-1980 | 1 | 0 | 0 |
| 1981-1990 | 1 | 0 | 0 |
| 1991-2000 | 1 | 0 | 0 |

3.2.3.4. ÖNNUR TIMBURHÚS

Töluvert af litlum, einföldum timburhúsum var erfitt að flokka undir einhvern einn eiginlegan byggingarstíl. Fyrst ber að nefna Aðalgötu 10 sem alla jafna gengur undir nafninu Deild. Það hús hefur algjörlega sérstöðu á skráningarsvæðinu vegna þess að það er eina húsið með mansard þaki.



Mynd 54 Aðalgata 10 (Deild) upp úr 1913 og sama hús árið 2018.



Mynd 55 Kambastígur 1, Kambastígur 8, Kambastígur 6 og Skógargata 14.

Fyrir framan var stór garður en nú er búið að byggja hús fyrir framan Deild og er augljóst að á einhverjum tímamarki hafi ætlunin verið að rífa húsið. Á yfirlitsmyndum er ekki að merkja að annað samskonar hús hafi staðið á skráningarsvæðinu.

Á millistríðsárunum verða áberandi lítil einföld timburhús. Virðist sem þeir sem byggðu stór hús hafi fremur sótt í steinsteypuna á þessum tíma. Gott dæmi um þessa gerð húsa eru húsin við Kambastíg. Kambastígur 1, 6 og 8 eru byggð 1925 til 1927, og Skógargata 14 byggð 1930. Kambastígur 1 og Skógargata 14 eru nú múrhúðuð en Kambastígur 6 og 8 eru klædd með hömruðu járn, hinu svokölluðu steinblikki sem er orðin sjaldgæf sjón. (JN 2007, 15). Þetta eru lítil hús sem mætti segja að tilheyrðu „alþýðustíl“.

3.2.3.5. STEINSTEYPT HÚS

Um aldamótin kom fram steinsteyputæknin. Elstu steinsteypuhúsin á Íslandi eru íbúðarhúsið að Sveinatungu í Norðurárdal og viðbygging við sjúkrahúsið á Akureyri, en báðar byggingarnar eru frá 1895. Fyrsta steinsteypa húsið í Reykjavík var Barónsfjosið við Hverfisgötu, byggt árið 1899. Steinsteyputæknin sótti í sig veðrið upp úr aldamótum. Eftir 1910 jókst innflutningur á sementi og notkun móta við steypuvinnu. Samhliða þessu jókst menntun í múrverki. Um 1920 höfðu 1000 steinsteypu hús bæst við fjölda steinhúsa á Íslandi. (ATG/FÓ 2003, 12).

3.2.3.6. EINFÖLD STEINSTEYPUHÚS

Menn virðast hafa tileinkað sér hina nýju steinsteyputækni nokkuð snemma á Sauðárkróki. Elsta uppstandandi steinsteypa húsið er Aðalgata 22b en það var byggt 1911. Ári síðar reis steinsteypu hús að Aðalgötu 24a, einfalt og án íburðar. Í svipuðum anda má nefna Aðalgötu 24, byggt 1925. Á millistríðsárunum má einnig



Mynd 56 Aðalgata 22b, Aðalgata 24A, Aðalgata 24 og Hlíðarstígur 2.



Mynd 57 Aðalgata 8, Lindargata 5, Kirkjutorg 3 og Skógargata 20.

sjá byggingu einfaldra íbúðarhúsa úr steinsteypu í alþýðustíl. Gott dæmi um slíkt hús er Hlíðarstígur 2, byggt árið 1931.


Í upphafi steinsteyputímabilsins má sjá tilhneigingu til að byggja steinsteyppt hús sem eins konar steypptar eftirlíkingar af timburhúsunum. Sæborg / Aðalgata 8 er byggt árið 1913 sver sig í ætt við lágris-gerð hvað útlit varðar en það gerir Skógargata 20 einnig sem er byggt nokkru síðar, eða árið 1924. Aðalgerð þessa tímabils er nokkurs konar „steyppt eftirlíking af timburhúsi norsk-íslensku gerðar“. Sem dæmi um slíka gerð má til dæmis nefna Kirkjutorg 3, byggt árið 1931, og Lindargata 5, byggt árið 1930. (HÁ 1977, 20).

3.2.3.7. FUNKJÓNALISMI/MÓDERNISMI

Á fjórða áratug 20. aldar fer að bera á nýjum stílbrigðum í steinsteypu húsunum, þ.e. funksjónalisma. Húsið við Aðalgötu 21a er byggt árið 1935, hannað af Sveinbirni Jónssyni. Hér ber á áhrifum fúnkis á hönnun Sveinbjarnar. Einföld, stílhrein hönnun með notagildið að leiðarljósi en um leið reynt að hleypa inn birtu eins og kostur var. Seinni tíma breytingar hafa farið ómjúkum höndum um hönnunarverk Sveinbjarnar en nú er unnið að því að koma húsinu í upprunalegt horf, a.m.k. að hluta. Annað hús, Brekkugata 1, var byggt árið 1935 sem ber nokkur áhrif nýrra strauma í byggingarlist og gerð. Sérstaklega ber að benda á steiningu veggja. Upp úr miðri 20. öld fer að bera á áhrifum módernisma. Dæmi um slíkt er Aðalgata 7 en húsið var byggt árið 1960. Upphaflega hafði það skýr merki módernisma en seinni tíma breytingar hafa nokkuð dregið úr þeim, til að mynda gluggasetning og gluggagerð. Gott dæmi um módernisma er Aðalgata 25. Það hús var einnig byggt árið 1960, hannað af Sigvalda Thordarson.



Mynd 58 Aðalgata 21 A, Aðalgata 25, Brekkugata 1, Aðalgata 7.



Kort 20 Gamli bærinn - Norðurhluti Sauðárkróks. Húsagerðir.

3.2.3.8. SKÚRAR

Til viðbótar við 90 hús voru átta skúrar skráðir á svæðinu og er hér sérstök umfjöllun um þá. Heimildir eru enn fátækari þegar kemur að skúrunum. Eldri brunavirðingar hafa ekki náð yfir hjalla og verðlitla skúra. Af þessum átta skúrum eru einn bílskúr (Hlíðarstígur 4), einn hjallur/geymsla (Aðalgata 11), einn geymsluskúr (Kambastígur 1) og fimm skúrar sem voru upphaflega byggðir sem útihúsa eða hlaða en eru nú nýttir sem geymsluskúrar (Lindargata 9, Freyjugata 10b, Skógargata 13, Kambastígur 8, Hlíðarstígur 2). Þessir „útihúsa-skúrar“ eru byggðir frá 1897 til 1953 og eru ágætur minnisvarði um „sveitina í þorpinu“, hvernig menn héldu skepnur í þéttbýli. Fjórir þessara skúra eru byggðir á tímabilinu 1926 til 1936 sem gefur ef til vill vísbendingu um hvernig menn brugðust við efnahagslegri lægð og harðindum millistríðsáranna.



Elsti skúrin stendur við Lindargötu 9 (Goðdali). Hann er talinn hafa verið byggður 1897. Skúrin er með mænispak en mjög lágt ris. Líklega eru nokkur byggingarstig eins og fjölbreytt byggingarefni gefur til kynna (torf, timbur, járn og grjót). Skúrin er byggður utan í brekkuna. Byggingin er mjög illa farin og þarf töluvert viðhald en gæti vissulega styrkt svipmót góttunnar ef hún væri færð í betra horf.

Mynd 59 Útihúsa-skúr við Hlíðarstíg 2 (efst), við Skógargötu 13 (mið), og við Kambastíg 8 (neðst).



Mynd 60 Skúr við Lindargötu 9 og skúr við Freyjugötu 10b.

Næstelsti skúrin er bygging sem skráð er við Freyjugötu 10b en tilheyrði áður Aðalgötu 10 (Deild). Skúrin var byggður árið 1913 og gegndi þá hlutverki peningshús en er nú notað sem geymsla. Skúrin er steinsteyptur og er því með elstu steinsteyptu byggingum á Sauðárkróki.

3.2.3.9. HÖNNUÐIR

Það skortir nokkuð upplýsingar um hönnuði húsanna sem skráð voru. Oft á tíðum hafa smiðirnir sjálfir einnig verið hönnuðir þó við höfum ekki skjalfestar heimildir um það. Ingólfur Nikódemusarson smiður á Sauðárkróki er til dæmis talinn hafa hannað Aðalgötu 4 og er mjög líklega hönnuður að Freyjugötu 3 þar sem hann bjó sjálfur.

Sjaldgæft er að hönnuðir elstu húsanna séu þekktir. Talið er að Þorsteinn Sigurðsson hafi hannað Sauðárkróskirkju (1892) og Jón Þorláksson hafi hannað Gamla sjúkrahúsið / Aðalgötu 1 (1906). Getgátur eru um að Rögnvaldur Ólafsson hafi hannað Gamla barnaskólann / Aðalgötu 2 (1908). Yfirsmiður þess húss var Steindór Jónsson en hann er einnig skráður sem hönnuður Skógargötu 20 og Kirkjutorgs 3. Mörg þeirra húsa sem Steindór annað hvort hannaði eða smíðaði eru af lágris-gerð og því má spyrja sig hvort hann hafi ekki einnig hannað Gamla barnaskólann.

Mjög líklegt verður að teljast að Steindór eigi töluverðan heiður af því hversu mörg húsanna eru af lágris-gerð.



Mynd 61 Sauðárkrókur 1931-1935.

Eftir því sem líður á 20. öldina höfum við betri upplýsingar um hönnuði húsa. Sveinbjörn Jónsson (1896-1982) byggingameistari hannaði Gamla mjólkursamlagið en það reis 1935. Sveinbjörn var oftast kenndur við Ofnasmiðjuna. „Hann var afkastamikill byggingameistari auk þess sem hann var framfarasinnaður og innleiddi nýjar byggingaraðferðir. ... Hann fylgdist vel með helstu straumum og stefnum í húsagerðarlist, fljótur að tileinka sér nýjar formgerðir og hann var einn af frumkvöðlum funkisstefnunnar á Akureyri.“ (HRS 2016, 16-17).

Sigurður Sigfússon (1918-1997) er skrifaður fyrir nokkrum húsum á skráningarsvæðinu, svo sem Skógargötu 1 (1947) og Skógargötu 18 (1954). Sigurður flutti á Sauðárkrók 1945 og hlaut þar meistarabréf í trésmíði. Hann var með umsvifamikinn rekstur á Sauðárkróki, meðal annars byggingarstarfsemi, trésmíðaverkstæði, verslun og fleira. Árið 1958 flutti hann til Reykjavíkur og stofnaði þar Fasteignamiðstöðina en hélt áfram að standa fyrir byggingarstarfsemi. (Morgunblaðið 1997, 32).

Talið er að Guðmundur Sigurðsson hafi hannað Lindargötu 17 (1945). Líklega er hér um að ræða Guðmund Sigurðsson (1902-1995) en hann fæddist á Holtsmúla í Skagafirði og var búsettur á Sauðárkróki. Hann var húsasmiðameistari og vann við fagið alla sína starfsævi. (Morgunblaðið 1995, 59).

Eitt hús á skráningarsvæðinu, Kaupvangstorg 1, er hannað af Halldóri H. Jónssyni (1912-1992). Halldór lauk prófi frá Kungliga Tekniska Höskolan í Stokkhólmi árið 1938 sem arkitekt. Að námi loknu sneri hann heim til Íslands og hóf störf við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Ári seinna, árið 1939, stofnaði hann sína eigin arkitektastofu. Meðal þekktustu verka hans er Bændahöllin, Háteigskirkja og Borgarneskirkja. (Morgunblaðið 1992, 18).


Gamli bærinn ber þess merki að hafa þróast yfir langan tíma. Í byggðinni má lesa hvernig bærinn þróaðist frá upphafi byggðar um 1870 og fram til okkar daga. Vissulega var bæjarhlutinn að mestu byggður um 1940 en síðan þá hafa nokkur hús bæst við sem veldur því að byggingar frá ólíkum tímum standa mjög blandað.

Í húsaskráningu 2018 voru 90 hús og 8 skúrar skráðir. Taflan hér til hliðar sýnir hvernig byggingarár húsanna dreifast á byggingartímabili.

Eins og taflan hér til hliðar gefur til kynna er ekki um að ræða einhvern einn afgerandi byggingarstíl sem einkennir byggðina heldur samanstendur hún af húsbyggingum frá ólíkum tímumskæðum byggingarlistar.

Skýr skil eru í byggðinni þegar komið er að gamla bænum og þá einnig að norðurhluta hans, sem við fjöllum um hér. Í suðri endar Skagfirðingabraut við Kirkjutorg, þar kemur hlykkur á aðalgötuna, göturýmið þrengist og byggðin þéttist. Að norðan eru skilin einnig skörp, húsín í gamla bænum eru tiltölulega lítil með blandaðri notkun íbúðar, verslunar og þjónustu. Fyrir norðan þau eru stór hús sem sem hýsa starfsemi fiskvinnslu og iðnaðar. (ÁR 2001, 40).

Tafla 4 Byggingartímabil og fjöldi húsa.



Þessar ólíku gerðir húsa sýna vel þróun bæjarins frá sjávarþorpi til kaupstaðar. Upphaflega, þegar landrými var nægilegt, voru húsín dreifð og lóðirnar stórar. En eftir því sem byggð tók að þéttast og um leið að saxast á landrýmið var farið að skipta upp lóðum. Þetta skýrir hvers vegna hús frá svo ólíkum tímum og af ólíkri gerð standa svo blandað sem raun er. (ÁR 2001, 38).

Frá upphafi var stundaður landbúnaður í bænum og mörgum íbúðarhúsum tilheyrðu útihús og matjurtagarðar voru víða um bæinn. Enn má finna skúra í gamla bænum og matjurtagarða í Nöfum sem bera þessum hluta sögunnar vitni. Aftur á móti eru engar leifar að finna frá sjósókn og fiskvinnslu í gamla bænum.

Á verndarsvæðinu er ekkert eitt ríkjandi byggðamynstur fyrir hendi því byggðin reis á löngum tíma, undir mismunandi áhrifum og ólíkum áætlunum um þróun.

Hins vegar má greina byggðamynstur í smærri einingum gamla bæjarins, t.d. randbyggð við Aðalgötu og óreglulega byggð í Lindargötu og Skógargötu. (ÁR 2001, 38).



Kort 21 Yfirlitsmynd af svæðinu.



Kort 22 Sauðárkrúkur 1928.

Fyrsta steinsteypta húsið á svæðinu er frá árinu 1911 og upp frá því varð steinsteypan ráðandi byggingarefni. Mörg steinsteypt íbúðarhús voru þó byggð í timburhúsastíl sem gerir það að verkum að þau falla vel að elstu byggðinni. (Verndarsvæði í byggð – húsaskráning 2018).

Þótt það geti verið óheppilegt að ólíkar byggingar standi hlið við hlið segir það samt sögu um þéttingu byggðar og mismunandi strauma og stefnur í byggingarlist og efnisnotkun. Hugsanlega getur þessi samblanda einnig orsakast af skorti á skipulagi eða skorti á framfylgd þess.

Þrátt fyrir mikla fjölbreytni bygginga er byggðin nokkuð heildstæð og tiltölulega fá hús skera sig verulega úr hvað varðar stærð og fyrirferð. Nýrri tíma byggingar eru í minnihluta og heildarsvipur byggðarinnar hefur á sér yfirbragð „gamals“ bæjarhluta.



Kort 23 Reitaskipting á svæðinu.



Mynd 62 Séð yfir gamla bæinn til norðurs.

Til að auðvelda greiningu á svipmóti verndarsvæðisins er því skipt niður í nokkra minni reiti og í þeirri skiptingu er horft til leiðbeiningarits Minjastofnunar og reynt að skipta svæðinu niður eftir því hvernig þau eiga þátt í að móta svipmót og yfirbragð byggðarinnar.

Svæðin eru ekki afmörkuð út frá götum heldur eftir því hvað svæðin eiga sameiginlegt innbyrðis, t.d. hvað varðar húsgerðir og aldur bygginga, rými, götumyndir o.fl.

Aðalgöturéitur

Áður var Aðalgata hryggjarstykkið í bænum; hér var kirkjan, barnaskólinn, sjúkrahúsið, verslanirnar, apótekið, bakaríið og sýslumaðurinn svo eitthvað sé nefnt.

Þótt nokkuð erfitt sé að greina sterkan miðbæ á Sauðárkróki er Aðalgatan nú sem fyrr kjarninn í gamla bænum.

Aðalgata var framan af eina eiginlega gatan og standa húsin því nokkuð reglulega við götuna. Göturýmið er heldur þröngt en reglulegt og víðast hvar í ágætum hlutföllum.



Kort 24 Aðalgöturéitur.

Húsin standa þétt og lítill gróður í götumyndinni. Inn á milli eru þó húsagarðar sem brjóta upp langar húsallengjur og húsasamstæður.

Á milli húsa vestan megin Aðalgötu sést við og við glitta í hús og gróður í Skógargötu. Til austurs opnast aftur á móti annað slagið sýn niður til sjávar, ýmist um götur eða gönguleiðir. Þessi bakgrunnur Aðalgötunnar styrkir götumynd hennar og gefur henni hlýlegri blæ.



Mynd 63 Aðalgata, séð til norðurs. Safnaðarheimilið til vinstri, Gamli barnaskólinn til hægri.



Mynd 64 Séð yfir í nærliggjandi götur úr Aðalgötu.

Í Aðalgöturéit standa hús sem spanna langt tímabil, elsta húsið er frá 1880 (Aðalgata 20) en það yngsta frá 1960 (Aðalgata 7). Húsin eru því af ýmsum stærðum og gerðum, lítil timburhús í bland við stór steinsteypuhús.

Hér er að finna góð dæmi um hina ýmsu byggingarstíla; hér finnst dönsk-íslensk húsgerð, portgerð, norsk-íslensk húsgerð, lágrisgerð, sveitserhús, timburhús með valmaþaki og steinsteypt hús af mörgum gerðum. (ÁR 2001, 56).

Mörg þessara húsa hafa þó tapað mikilvægum byggingarlistarlegum einkennum sínum t.d. með tilkomu múrhúðunar, breytinga á gluggagerð og með viðbyggingum. Því er ekki alltaf augljóst að um gamalt timburhús sé að ræða. Upp úr 1911 fer steinsteypan að festa sig í sessi og húsin urðu stærr og fyrirferðarmeiri.

Ný hús risu án tillits við nágrennahúsin og samræmdust illa því umhverfi sem fyrir var. Afleiðingin varð sérkennileg blanda húsa af ólíkri gerð, oft byggð úr ólíku byggingarefni og með áratuga aldursmun. (ÁR)
Nokkuð er um að slík blanda ólíkra húsa hafi neikvæð áhrif á önnur hús og á bæjarmyndina í heild.



Mynd 65 Ólík hús við Aðalgötu.



Mynd 66 Aðalgata 7 og 9 (Dýrfinnuhús).

Sem dæmi um þetta má nefna Aðalgötu 7 og 9. Aðalgata 7 er steinsteypt hús, byggt árið 1960 fast upp við Aðalgötu 9 sem var byggt árið 1900. Síðarnefnda húsið er af norsk-íslenskri gerð, með miklu snikkaraverki utan um glugga, á þakskeggi og á vindskeiðum.

Annað dæmi um þetta er Aðalgata 10 og 10b þar sem steinsteypt þriggja hæða hús er byggt framan við og yfir timburhús frá 1901. Timburhúsið er það eina á Sauðárkróki með þessari þakgerð, svokölluðu mansardþaki.



Mynd 67 Aðalgata 10 (Deild) og 10b.



Kort 25 Horfin og núverandi hús.



Mynd 69 Auð lóð Aðalgötu 18 til vinstri við ljósa húsið á miðri myndinni.



Mynd 68 Horft inn í portið á milli húsanna Aðalgötu 20 og 22.

Á þessu svæði eru tvær eyður, eða auðar lóðir, þar sem hús hafa horfið og ný ekki risið í stað þeirra.

Þetta eru lóðirnar Aðalgata 18, þar sem áður stóð Blöndalshús og lóð milli Aðalgötu 20 og 22, þar sem áður stóð Bræðrabúð.

Þar sem húsin stóðu eru tvö malarplön nýtt sem bílastæði og lítt við haldið.

Við þessar aðstæður rofnar götumyndin og götumyndin fær frekar niðurnítt og eyðilegt yfirbragð. Mögulegt er að nýta lóðina við Aðalgötu 18 (Blöndalshús) fyrir nýbyggingu en nokkuð erfiðara þar sem Bræðrabúð stóð því portið þar er nauðsynlegt sem aðkoma að skúrunum sem standa upp við Aðalgötu 22b (Leikborg).

Kristjánsklauf

Á þessu svæði eru hús sem standa við Kambastíg og Brekkugötu ásamt Skógargötu 6b sem fylgir þessu svæði vegna þess að það tilheyrir rýminu í Kristjánsklauf og því umhverfi frekar en Skógargötunni sjálfri.

Húsin í Kristjánsklauf standa uppi í brekkunni og hér er bratt. Við Kambastíg, efri hluta Kristjánsklaufar, er lítið rými og liggur klaufin opin við austri með gott útsýni yfir bæinn og fjörðinn. Brekkugatan er opnari, stendur á stalli norður úr klaufinni miðri, er mjög áberandi og setur mikinn svip á bæinn.

Kristjánsklauf ofanverð er mjög gróin og þar standa mörg há tré sem þrengja rýmið enn frekar. Stígur upp á Móa liggur upp Kambastíginn þar sem götunni sleppir.

Húsin risu á árabílinu 1924-1958. Eldri húsin standa í efri hluta svæðisins, uppi í klaufinni. Þau eru afbrigði lágrisgerðar með ósamhverfu þaki. Yngri húsin eru mun stærri í sniðum og ólík þeim eldri, hvað varðar stærð, gerð og byggingarefni.



Kort 26 Kristjánsklauf



Mynd 70 Horft niður Kristjánsklauf.



Mynd 71 Horft upp til Brekkugötu og Kambastígs frá sjó.



Mynd 72 Kambastígur 1, Kambastígur 4, Kambastígur 6, Skógargata 6b, Kambastígur 2 og Brekkugötuhúsin þrjú.

Lindargata

Lindargata liggur samhliða Aðalgötu, meðfram brekkunni. Við Lindargötu risufyrstuhúsin á Sauðárkróki og var nákvæmlega þessi staður valinn vegna þess að hér fannst loksins þokkalegt drykkjarvatn, en fyrsti íbúinn hafði haft mikið fyrir því að finna nothæfa lind. Þessi lind fékk nafnið Ytrilind. (KB 1969, 172).

Hús við Lindargötu liggja óreglulega í brekkufætinum, af sömu ástæðu og við Skógargötu, þ.e. hér var í fyrstu engin gata en nóg pláss og byggingar því staðsettar þar sem best þótti.



Kort 27 Lindargata.

Lóðirnar ná langt upp í brekkuna og sums staðar er þar talsverður gróður. Gatan hefur á sér rólegt og gamalgróið yfirbragð. (ÁR 2001, 62).

Með því að fella Lindargötu, eins og hún liggur í dag, ofan í kort frá 1920 sést hvernig mannvirki þess tíma voru staðsett miðað við götulínuna í dag.

Göturýmið er frekar knappt enda standa hús við Lindargötu aðeins vestan götunnar. Stærstur hluti götunnar liggur aftan við húsalengjuna Aðalgötu 21 sem snýr bakhlið




Mynd 73 Séð norður Lindargötu.

að Lindargötu. Syðst í götunni er gatan nokkuð falin því húsin austan götunnar skyggja á hana og hindra í leiðinni útsýni úr Lindargötu yfir fjörðinn. Að norðan, þar sem ekið er inn götuna við Villa Nova, er landslag aftur móti mun opnara og útsýni til hafs.

Elsta húsið við götuna er byggt árið 1884 en það yngsta 1954. Hér finnast því bæði steinsteypt hús og timburhús ásamt steinsteyptum húsum sem byggð voru í timburhúsastíl. Elstu húsin eru dansk-íslenskrar gerðar en hin yngri eru stór, steinsteypt hús byggð undir áhrifum funksjónalisma.



Mynd 74 Lindargata 3 fremst og Lindargata 5 fyrir miðri mynd.



Kort 28 Lindargata, götulína 2018 og mannvirki 1920.



Mynd 75 Lindargata 3, Lindargata 5, Lindargata 7, Lindargata 9 fjær og Lindargata 11.



Mynd 76 Lindargata 1 í forgrunni, Lindargata 3 fjær.

Ólíkar húsgerðir eiga ekki alltaf samleið sem sést vel við Lindargötu 1 og 3 (Hótel Tindastól) þar sem nýrra steinsteypuhús þrengir illa að gömlu timburhúsi. Gamla timburhúsið stendur einnig aftar í lóðinni og fellur því verulega í skuggann. Þetta er miður því húsið er að stofni til elsta hús bæjarins og hefur mikla menningarsögulega þýðingu.

Að öllum líkindum á þetta óheppilega sambland húsa sér þá skýringu að staðið hafi til að rífa gamla húsið vegna lélegs ástands, sem var svo aldrei gert.

Aðalgata - baklóðir

Á svæðinu eru einungis sex hús eða húsasamstæður. Fimm þessara húsa eru stór í sniðum og steinsteyppt og hér er einmitt að finna tvö elstu steinsteypptu hús bæjarins (Aðalgata 22b og 24a).

Eitt timburhús á svæðinu sker sig úr vegna smæðar sinnar. Húsið var lengst af notað sem geymsla og tilheyrði Aðalgötu 16b.

Húsin standa aftarlega við Aðalgötu og ekki í götulínu hennar. Þessi austurrönd bæjarins var áður bakhlið hans og fjaran rétt við húsvegg.

Á 8. áratug síðustu aldar var Strandvegur lagður á landfyllingu og þá fyrst hægt að aka austan við gamla bæinn. Síðan hefur Strandvegur verið færður enn austar og nú er breið landræma á milli hans og byggðarinnar.

Á síðustu árum hefur þessi landræma verið þökulögð sem hefur bætt ásýnd svæðisins til muna.



Kort 29 Aðalgata - baklóðir.



Mynd 77 Húsaröðin Aðalgata 21 næst á myndinni, bakhús Aðalgötu fjær.

Autt svæði er á milli húsanna nr. 24 og 24a og hefur verið um langt skeið. Þetta svæði er malarborið og hefur á sér frekar niðurníddan og eyðilegan blæ.

Elsta húsið á svæðinu er byggt árið 1911 (Aðalgata 22b) sem jafnframt er fyrsta steinsteypta húsið á Sauðárkróki. Yngsta húsið er þar við hliðina, Aðalgata 20b, byggt árið 1974.



Mynd 78 Svæðið milli Aðalgötu 24 og 24a.



Mynd 79 Aðalgata 22b (Leikborg / Sláturhús KG), Aðalgötumegin.



Mynd 80 Aðalgata 16c, Aðalgata 16, Aðalgata 24a og Aðalgata 24.



Skógargata

Við Skógargötu er að finna einn elsta hluta byggðarinnar.

Í norðurhlutanum standa húsin nokkuð óreglulega, sérstaklega þar sem nokkur hús standa í þyrpingu umhverfis göngustíg milli Aðalgötu og Skógargötu. Hér hefur gatan á sér svipmót þorpögötu.

Þessi óreglulega niðurröðun á sér sömu skýringu hér og við Lindargötu; engin gata var til staðar, landrými var nægt og íbúðarhús og gripahús því sett niður þar sem best þótti passa. (ÁR 2001, 62).

Kort 30 Skógargata.



Suðurhluti götunnar er öllu reglulegri og húsin standa þar í götulínunni. Skógargata byggðist upp á svipaðan hátt og Lindargata, þar voru engar eiginlegar götur í fyrstu, þær komu mun seinna en elstu húsin voru byggð. Skógargatan er þó mun rýmri með hús sitt hvorum megin götu.

Með því að fella Skógargötu, eins og hún liggur í dag, ofan í kort frá 1920 sést hvernig mannvirki þess tíma voru staðsett miðað við götulínuna í dag.



Kort 31 Skógargata, götulína 2018 og mannvirki 1920.

Skógargata liggur á milli Kirkjuklaufar og Kristjánsklaufar og hækkar í báða enda. Í lægðinni í miðri götunni var áður Knudsensgarður, mikill matjurta- og trjagarður sem frammámaður garðræktar í Skagafirði, Carl Knudsen, setti á fót, líklega í kringum 1880. Árið 1895 voru matjurtagarðar hans mældir og reyndust vera 311 ferfaðmar, sem jafngildir um 1100 fermetrum. (KB 1969, 263).



Mynd 81 Séð suður Skógargötu.

Garðurinn, sem síðar varð garðyrkjustöð, er löngu horfinn. Þar sem hann stóð er nú Læknishúsið (Skógargata 10b), Róló (eini leikvöllurinn í gamla bænum) og autt malarplan sem er nýtt sem bílastæði og aðkeyrsla með vörur að Sauðárkróksbakarí og Mælifelli. Þetta svæði er mjög opið og líklega væri möguleiki á lóðum sitt hvorum megin við Læknishúsið sem stendur frekar einmanalegt og langt í næstu hús.



Mynd 82 Séð yfir leikvöllinn og malarplanið, Læknishúsið fremst á myndinni.

Skógargata er afar gróin eins og nafnið gefur til kynna. Stærstu trén eru í norðurhluta götunnar en brekkan öll er algróin trjám og runnum alveg upp að brekkubrún. Gatan hefur mjög gróið og rólegt yfirbragð.

Flest hús við Skógargötu eru með litlum grunnfleti á einni eða tveimur hæðum og einkennist byggðin einna helst af timburhúsum af ýmist norsk-íslenskri eða dansk-íslenskri gerð, þótt vissulega séu hér yngri hús í bland. Elsta húsið (Skógargata 7, Bjarnabær) hefur byggingarárið 1878 en það hefur mikið breyst frá upprunalegri gerð. (Verndarsvæði í byggð – húsaskráning 2018).



Mynd 83 Húsaþyrpingin í Skógargötu.



Mynd 84 Skógargata 10b, Skógargata 11, Skógargata 15 og Skógargata 17b.



Mynd 85 Skógargata 7 og Skógargata 13.

Töluvert hefur verið um að hús við Skógargötu hafi verið gerð upp í upprunalegum stíl, eða sem næst því, sem eykur verulega á gildi svæðisins. Mörg húsanna hér hafa mikilvægu hlutverki að gegna sem bakgrunnur fyrir Aðalgötu og auka þannig gildi hennar einnig. Sums staðar blasa þessi hús við frá Aðalgötunni en annars staðar glittir í þau á milli húsa og trjáa.

Þarna má nefna hús eins og Skógargötu 10b, 11, 13, 15 og 17b.



Mynd 86 Skógargata 9 og Skógargata 11 - Gúttó.

Hlíðarstígur

Á þessu svæði eru aðeins þau tvö hús sem standa við Hlíðarstíg. Þetta eru látlaus steinsteypuhús, byggð 1931 og 1955.

Húsin standa í Kirkjuklaufinni með gott útsýni til austurs yfir bæ og fjörð. Kirkjuklauf er nokkuð brött en rýmri og opnari en Kristjánsklauf.

Hér eru ekki jafn háar byggingar sem skyggja á útsýni, eins og raunin er í Kristjánsklauf. Aftur á móti er umferð um Kirkjuklauf talsverð enda er þetta eina vegtengingin upp á Móana sunnanverða og þjónar bæði



Kort 32 Hlíðarstígur.



Mynd 87 Hlíðarstígur 2 og Hlíðarstígur 4.



Mynd 88 Horft niður Kirkjuklauf, húsið næst á myndinni er Hlíðarstígur 4.



Mynd 89 Horft upp Kirkjuklauf frá sjó.

kirkjugarði og golfvelli. Upp frá Hlíðarstíg liggur gönguleiðin Kirkjugarðsstígur skáhallt upp brekkuna og endar á brekkubrúninni við kirkjugarðinn.

Sævarstígur / Freyjugata

Á þessu svæði er nyrsti hluti Freyjugötu ásamt Sævarstíg.

Freyjugata liggur samhliða Skagfirðingabraut og þvert á hana liggur Sævarstígur nyrst. Hér verður aðeins lítill hluti Freyjugötu tekinn fyrir, sá hluti sem liggur norðan Skagfirðingabrautar.

Freyjugata liggur næst sjó, en eftir færslu Strandvegar á nýrri landfyllingu stendur byggðin mun fjær sjónum en áður var. Í bilinu milli gamla vegarins og Strandvegar er þökulagð svæði.



Kort 33 Sævarstígur / Freyjugata.

Þetta svæði liggur mjög opið við hafi og hér er skjóllítið fyrir napri norðanáttinni.

Byggð við Sævarstíg er mjög brotin og sundurleit. Þar standa aðeins tvö hús, sunnan götunnar, en auð lóð er þar á milli sem er óhirt malarsvæði. Norðan megin Sævarstígar er stórt bílastæði.

Tvö hús sem tilheyra Freyjugötu (hús nr. 10 og 10b) standa norðan við fyrrnefnt bílastæði og eru því úr samhengi við Freyjugötu. Þau standa þar sem hluti af óskipulagðri þyrpingu húsa milli Aðalgötu og Strandvegar.



Mynd 90 Horft yfir svæðið, útsýni frá Nöfum.



Mynd 91 Horft yfir svæðið úr suðvestri.

Húsin á reitnum eru fjölbreytt, frá einnar hæðar húsum á litlum grunnfleti til tveggja hæða fjölbýlishúss. Elsta byggingin hér er skúr sem steypur var árið 1913 og tilheyrir nú Freyjugötu 10b. Elsta íbúðarhúsið er lítið timburhús byggt árið 1922 (Sólheimar / Freyjugata 10).



Mynd 92 Freyjugata 10, Freyjugata 10b, Freyjugata 1b, Freyjugata 1, Freyjugata 3 og Sævarstígur 6 .

Kirkjutorg

Kirkjutorg liggur á mótum Aðalgötu og Skagfirðinga- brautar.

Þar sem Kirkjutorg er nú rann Sauða áður fyrir til sjávar. Á þeim tíma var hér því ekkert torg og kirkjan, barnaskólinn og sjúkrahúsið voru syðstu húsin í gamla bænum.

Rýmismyndun torgsins er ekki heil, það er mjög opið og stórar eyður eru á milli húsa. Vegna þess hve rýmið er gloppótt getur verið ansi næðingssamt á torginu en aftur á móti skapast sjónræn tengsl við nálægar götur. (ÁR 68)



Kort 34 Kirkjutorg.

Við Kirkjutorg standa fjögur hús en eitt þeirra, Sauðárkróskirkja, flokkast með Aðalgötu í þessari umfjöllun hér.

Færa má rök fyrir því að fleiri hús komi að því að mynda það rými sem Kirkjutorg er, t.d. Sauðárkróskirkja, Skagfirðingabraut 1, Suðurgata 1 og Aðalgata 2 en sú í þessari reitaskiptingu sem notuð er hér eru aðeins þessi þrjú hús til umfjöllunar.

Húsin eru byggð á tímabilinu 1931-1952 og frekar stór í sniðum.



Mynd 93 Frá Kirkjutorgi.

Gamla pósthúsið (Kirkjutorg 5) er eitt þessara húsa en það hefur nú fengið nýtt hlutverk sem gistiþjónusta eftir að nýtt pósthús var tekið í notkun árið 2009 syðst í bænum.

Kirkjutorg 3 var áður íbúðarhús sem stóð í niðurníðslu um margra ára skeið en hefur verið endurnýjað og nú er rekið þar gistiheimili.



Mynd 94 Jól á Kirkjutorgi.



Mynd 95 Jól á Kirkjutorgi.

Jólatré Sauðárkróks stendur á Kirkjutorgi og þegar jólaljósín eru tendruð á trénu í byrjun aðventu hefur skapast skemmtileg jólastemning í gamla bænum. Aðalgötunni er þá lokað fyrir akandi umferð og ýmislegt skemmtilegt á döfnni fyrir unga jafnt sem aldna.



Mynd 96 Gamla pósthúsið (Kirkjutorg 5) og Þýskaland (Kirkjutorg 1).



Mynd 97 Mikligarður (Kirkjutorg 3).



Mynd 98 Reipitog milli sjómanna og iðnaðarmanna 1953-1955. Myndin er tekin í Skógargötu, fyrir neðan gömlu Gróðrarstöðina.



Mynd 99 Malbikun Skagfirðingabrautar 1962-1964.



Mat

Sauðárkrúkur um 1926
Ljósmynd Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

4

VARÐVEISLUMAT OG VERNDARFLOKKAR

Verndarflokkarnir sem horfa þarf til eru tvenns konar, annars vegar út frá lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og hins vegar út frá leiðbeiningum Minjastofnunar.

4.1. VERNDARFLOKKAR SAMKVÆMT LÖGUM UM MENNINGARMINJAR

Í lögum um menningarminjar eru að finna ákvæði um verndun húsa, mannvirkja eða leifa þeirra.

4.1.1. Staða verndunar húsa

Í leiðbeiningum Minjastofnunar eru verndarflokkar skilgreindir út frá varðveislugildi húsa og mannvirkja, götumynda, húsabyrpinga og heilda og afmarkaðra reita innan verndarsvæðisins.

Á svæðinu voru 90 hús tekin til mats og 44 þeirra njóta lagalegrar verndar nú þegar, samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012 eða eldri lögum.

Þessi vernd er þrenns konar og skilgreinist svona:

- **Friðlýst hús**

Friðlýst hús samkvæmt ákvörðun ráðherra.

- **Friðuð hús**

Hús sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði. Hér er miðað við árið 1918.

- **Umsagnarskyld hús**

Hús sem hvorki eru friðlýst né friðuð en byggð árið 1925 eða fyrr. Skylt er að leita álits Minjastofnunar ef á að breyta þessum húsum, flytja þau eða rífa.

Friðlýst hús á svæðinu eru tvö talsins:

- Sauðárkróskirkja (byggð 1892)

Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

- Villa Nova (byggð 1903)

Friðuð þann 15. desember 1999 samkvæmt 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989, friðun tekur til ytra borðs.

Friðuð hús, stærsti flokkurinn, inniheldur 37 hús:

| Hús | | Byggingarár |
|----------------|-------------|-------------|
| Lindargata 13 | Erlendarhús | 1874 |
| Skógargata 7 | Bjarnabær | 1878 |
| Aðalgata 20 | Briemshús | 1880 |
| Skógargata 9 | Melsteðshús | 1880 |
| Lindargata 3 | Tindastóll | 1884 |
| Aðalgata 16 | Laufás | 1887 |
| Aðalgata 21 | Kaupangur | 1887 |
| Aðalgata 16c | Hofsþúðir | 1887 |
| Aðalgata 17 | Svangrund | 1888 |
| Aðalgata 27 | Helgafell | 1889 |
| Lindargata 9 | Goðdalir | 1891 |
| Skógargata 12 | Halldórshús | 1896 |
| Aðalgata 12 | Hof | 1897 |
| Aðalgata 19 | Skjaldborg | 1897 |
| Aðalgata 15 | Ólafshús | 1897 |
| Aðalgata 13 | Víðimýri | 1897 |
| Lindargata 7 | Fyrstaból | 1897 |
| Skógargata 5 | Seyla | 1898 |
| Skógargata 5B | Gísley | 1898 |
| Skógargata 11 | Gúttó | 1898 |
| Aðalgata 9 | Miklibær | 1900 |
| Aðalgata 10 | Deild | 1901 |
| Skógargata 10B | Lundur | 1901 |
| Skógargata 17B | Sauðá | 1901 |
| Aðalgata 6 | Ísleifshús | 1904 |
| Aðalgata 21B | Uppsálar | 1904 |
| Aðalgata 11 | Höfði | 1904 |

| | | |
|---------------|-------------------|------|
| Skógargata 13 | Sólvangur | 1904 |
| Aðalgata 1 | Gamla sjúkrahúsið | 1906 |
| Skógargata 15 | Kirkjuhvoll | 1906 |
| Skógargata 3B | Hábær | 1907 |
| Aðalgata 2 | Gamli skólinn | 1908 |
| Skógargata 16 | Hóll | 1910 |
| Aðalgata 22B | Sláturhús K.G. | 1911 |

Umsagnarskyld hús eru fjögur:


| Hús | | Byggingarár |
|---------------|-------------|-------------|
| Freyjugata 10 | Sólheimar | 1922 |
| Skógargata 20 | Reykir | 1924 |
| Kambastígur 6 | Bræðratunga | 1925 |
| Kambastígur 8 | Brattahlíð | 1925 |

4.1.2. Staða verndunar fornleifa

Fornleifaskráning fyrir verndarsvæðið var unnin árið 2018. Niðurstaða skráningarinnar var sú að innan svæðisins eru engar þekktar minjar frá elstu tíð. Sá hluti bæjarins sem mögulega hefði að geyma slíkar minjar stóð á mjóum malarkambi og þær minjar væru löngu horfnar vegna ágangs sjávar, þéttbýlismyndunar, framkvæmda og landfyllinga sem hafa gjörbreytt strandlínunni. (GZ 2018, 62-64).

Skráningin náði yfir fornleifar sem, samkvæmt lögum, teljast minjar 100 ára eða eldri. Þetta þýðir að á hverju ári bætist við fjöldi minja sem gerir mat á varðveislugildi fornleifa og minjaheilda í þéttbýli erfiðara. Af þessum orsökum var ákveðið að taka með minjar sem sjást á uppdrætti af Sauðárkróki frá 1934.

Skráðar minjar voru alls 121 innan marka verndarsvæðisins. Þar af voru 107 minjar horfnar eða 89% skráðra minja. Þær minjar sem skráðar voru á verndarsvæðinu eru



Kort 35 Vernd húsa samkvæmt lögum um menningarminjar.

allar frá uppbyggingartíma kaupsins frá seinni hluta 19. aldar og fram á fyrri hluta þeirrar 20.

Tafla 5 Tafla yfir minjar sem enn eru til staðar. Alls fundust 13 minjar við vettvangsskráningu.

| Hlutverk | Eldri en 100 ára | Fjöldi | % af heildarfjölda |
|--------------------|------------------|--------|--------------------|
| Matjurtagarður | 2 | 7 | 54 |
| Gata/leið | 2 | 2 | 15 |
| Vatnsból | 1 | 1 | 8 |
| Fjós, hlaða | | 1 | 8 |
| Íshús | | 1 | 8 |
| Óþekkt, húsgrunnur | | 1 | 8 |

Þær 13 minjar sem skráðar voru hafa þó allar þýðingu fyrir sögu byggðarinnar þótt minjagildi einstakra minja kunni ekki að vera hátt og jafnframt eru flestar þeirra raskaðar. Þær vitna um búskap, iðnað og landnýtingu á mótunartíma kaupsins. Af þeim 13 minjum sem fundust innan svæðis, var um helmingurinn matjurtagarðar [1888-113, 115, 116, 117, 118, 120 og 121].

Matjurtaræktun hófst snemma á Sauðárkróki en erfitt er að segja til um aldur margra garðanna með fullri vissu því yngri garðar eru svipaðir í útliti og sumir enn nýttir. Þó er hægt er að fullyrða um háan aldur tveggja garða, annars vegar garðs ofan við efstu íbúðarhúsin í Kirkjuklauf [1888-113] og hins vegar gamals stallaðs garðs í Kristjánsklauf [1888-115]. Þessir garðar sjást báðir á einu elsta korti af Sauðárkróki frá 1917.



Kort 36 Fornleifar.

Einungis fjórar minjanna [1881-3, 6, 8 og 113] sem enn eru til staðar teljast fornleifar samkvæmt laganna bókstaf og þar með friðaðar. Það eru:

- Vetrarbrautin [1888-8]
- Kirkjugarðsstígur [1888-6]
- Ytrilindarræsið [1888-3]
- Matjurtagarður í Kristjánsklauf [1888-115]

Niðurstaða fornleifaskráningar á verndarsvæðinu er sú að varðveislugildi fornleifa innan svæðisins sé fremur lágt.

4.2. VERNDARFLOKKAR - VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Til grundvallar mati á varðveislugildi húsa og svæða eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021
- Deiliskipulag gamla bæjarins 1987
- Húsakönnun á Sauðárkróki 1976-1977
- Bæjar- og húsakönnun fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki 2001
- Sauða í Borgarsveit, fornleifaskráning fyrir aðalskipulag 2005
- Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrókur fornleifaskráning 2018
- Húsakönnun Sauðárkróks. Norðurhluti gamla bæjar

Við mat á varðveislugildi svæða er svokölluð SAVE aðferð notuð sem byggir á að meta eftirfarandi fimm gildi:

- byggingarlist/listrænt gildi
- menningarsögulegt gildi
- umhverfisgildi
- upprunalegt gildi
- ástand

Í leiðbeiningum Minjastofnunar kemur fram að gildin skuli metin innbyrðis og afstaða tekin til vægis hvers þeirra. Stundum geti byggingarlistarlegt gildi vegið þyngst eða eða menningarsögulegt gildi, en umhverfisgildi getur líka vegið þungt í þeim tilvikum þar sem heildin hefur gildi umfram einstaka byggingar. Varðveislugildi svæða getur flokkast sem hátt, miðlungs eða lágt.

Varðveislugildi húsa og mannvirkja eru einnig metin út frá SAVE-aðferðinni og sömu fimm gildin metin en þá fyrir hvert einstakt hús eða mannvirki og vega sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis þyngst.

| | Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|-----------------|------------------------------|------------------------------|----------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 1 | AÐALGÖTUREITUR | | | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | HÁTT |
| Aðalgata 1 | Safnaðarheimili | Gamla sjúkrahúsið, Spítalinn | 1906 | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 2 | Gamli barnaskólinn | | 1908 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt |
| Aðalgata 4 | Drangey | | 1946 | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Aðalgata 5 | Sauðárkróksbakari | Bakarið | 1928 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 6 | Ísleifshús | | 1904 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 7 | Alþýðuhúsið | Hótel Mælifell | 1960 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 8 | Sæborg | | 1913 | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 9 | Mikilbær | Dýrfinnhús | 1900 | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt |
| Aðalgata 10 | Eggertshús | Deild | 1901 | Hátt | Hátt | Lágt | Lágt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 10a | | | 1958 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Hátt | Miðlungs |
| Aðalgata 10b | | | 1954 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Lágt | Hátt | Miðlungs |
| Aðalgata 11 | Stóðin | Hofði, Úrsmiðshús | 1904 | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 12 | Hof | Knudsenshús, Filadelfía | 1897 | Lágt | Miðlungs | Lágt | Lágt | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 13 | Viðimyri | Björns smiðs hús, Sameign | 1897 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 14 | Litlaborg | | 1933 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Aðalgata 15 | Ólafshús | Sóðlahús, Sparisjóðurinn | 1897 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 16 | Laufás | Sýslumannshús, Sápuhúsið | 1887 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Lágt | Hátt |
| Aðalgata 17 | Svangrund | Kristjáns smiðs hús | 1888 | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 19 | Skjaldborg | Hvalnes, Sauðárkróks Apótek | 1897 | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 20 | Briemshús | Bjarnahús, Staðastaður | 1880 | Lágt | Hátt | Lágt | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 21 | Kaupangur | Claessensbúð | 1887 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 21B | Uppsalar | Grána | 1904 | Miðlungs | Hátt | Lágt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Aðalgata 21A | Gamla mjólkursamlagið | | 1935 | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Aðalgata 22 | Verslun Haraldar Júlíussonar | Baldur | 1930 | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Lágt | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 23 | Villa Nova | | 1903 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt |
| Aðalgata 25 | | | 1960 | Hátt | Lágt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt |
| Aðalgata 25A | Rafstöðvarhús | | 1948 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Aðalgata 27 | Helgafell | | 1889 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Kaupvangstorg 1 | | | 1953 | Miðlungs | Lágt | Lágt | Lágt | Miðlungs | Lágt |
| Kirkjutorg | Sauðárkróskirkja | | 1892 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt |

| | Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|---------------|-----------------------|------------|----------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 2 | KRISTJÁNSKLAUF | | | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | MIDLUNGS |
| Kambastigur 1 | Hyrna | | 1927 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Kambastigur 2 | Pórshamar | | 1927 | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Lágt | Lágt | Miðlungs |
| Kambastigur 4 | Smiðjan | | 1930 | Miðlungs | Lágt | Hátt | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Kambastigur 6 | Bræðratunga | | 1925 | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Kambastigur 8 | Brattahlíð | | 1925 | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 6B | Birkhlíð | | 1942 | Lágt | Lágt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Miðlungs |
| Brekkugata 1 | Fagrahlíð | | 1935 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Hátt | Miðlungs |
| Brekkugata 3 | Grænabrekka | | 1935 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Brekkugata 5 | | | 1958 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |

| | Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|---------------|-------------------|---|----------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 3 | LINDARGATA | | | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt | HÁTT |
| Lindargata 1 | Sólarborg | | 1942 | Miðlungs | Lágt | Hátt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Lindargata 3 | Hótel Tindastóll | | 1884 | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt |
| Lindargata 5 | Borgarey | | 1930 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Miðlungs |
| Lindargata 5b | | | 1954 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Lágt | Lágt | Lágt |
| Lindargata 7 | Fyrstaból | Árna vertshús, Theóbaldhús, Tesahús, Nikódemusarhús | 1897 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Lindargata 9 | Goðdalir | Gullsmíðshús, Prestshús | 1891 | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Lindargata 11 | Lindarbrekka | | 1936 | Lágt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Lindargata 13 | Hallshús | Erlendarhús | 1874 | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt |
| Lindargata 15 | | | 1947 | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Lindargata 17 | | | 1945 | Lágt | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Lágt |

| | Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|--------------|------------------------------------|---|----------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 4 | AÐALGATA - BAKLÓÐIR | | | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | MIDLUNGS |
| Aðalgata 24A | Sláturhús Sigurgeirs Daniélfssonar | Trésmiðjan Ýr | 1912 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Aðalgata 22B | Sláturhús K.G. | Litla trésmiðjan, Trésmiðjan Borg, Leikborg | 1911 | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Lágt | Lágt | Miðlungs |
| Aðalgata 24 | Sláturfélagshús | Salthúsið, Frystihús | 1925 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Aðalgata 16B | | | 1946 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Aðalgata 20B | | | 1969 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Lágt | Hátt | Lágt |
| Aðalgata 16c | Hofsúðir | Maddómukot | 1887 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |

| Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|----------------|-------------------|-------------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 5 | SKÓGARGATA | | Hátt | Hátt | Hátt | Hátt | Miðlungs | HÁTT |
| Skógargata 1 | | 1947 | Lágt | Lágt | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 2 | | 1990 | Miðlungs | Lágt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Skógargata 3 | | 1963 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Skógargata 3B | Hábaer | 1907 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 5 | Seyla | Kassinn | 1898 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Skógargata 5B | Gíslahús | Gisley | 1898 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 6 | Salurinn | 1947 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 7 | Bjarnabaer | Bærinn | 1878 | Miðlungs | Hátt | Lágt | Hátt | Miðlungs |
| Skógargata 8 | Sólvahús | Brekka | 1927 | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 9 | Melsteðshús | 1880 | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs | Hátt |
| Skógargata 10B | Læknishúsið | Lundur | 1901 | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt |
| Skógargata 11 | Gúttó | Templarahús | 1898 | Hátt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Skógargata 12 | Halldórshús | 1896 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 13 | Sólvangur | 1904 | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt | Lágt | Hátt |
| Skógargata 14 | Hvammur | 1930 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 15 | Kirkjuhvoll | 1906 | Miðlungs | Lágt | Hátt | Hátt | Lágt | Hátt |
| Skógargata 16 | Hól | 1910 | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Lágt | Lágt | Miðlungs |
| Skógargata 17 | Hlíð | 1916 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Skógargata 17B | Sauða | Bringarður | 1901 | Hátt | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt |
| Skógargata 18 | | 1954 | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs |
| Skógargata 20 | Reykir | 1924 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |

| Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|----------------|---------------------|----------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 6 | HLÍÐARSTÍGUR | | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | MIDLUNGS |
| Hlíðarstigur 2 | Litlidalur | 1931 | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |
| Hlíðarstigur 4 | Hlíðarstigur 4 | 1955 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |

| Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|-----------------------------------|---------------|----------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 7 SÆVARSTÍGUR - FREYJUGATA | | | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | LÁGT |
| Sævarstígur 2 | Berg | 1931 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Lágt | Lágt | Miðlungs |
| Sævarstígur 6 | Skorrastaður | 1976 | Lágt | Lágt | Lágt | Lágt | Hátt | Lágt |
| Freyjugata 1 | Sælundur | 1926 | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Freyjugata 1B | Björk | 1941 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Freyjugata 3 | Arnarhvoll | 1943 | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Freyjugata 5 | Malland | 1944 | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Freyjugata 10 | Sólheimar | 1922 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs | Miðlungs |
| Freyjugata 10b | Landamót | 1943 | Lágt | Lágt | Miðlungs | Miðlungs | Lágt | Miðlungs |
| Freyjugata 18 | Freyjugata 18 | 1999 | Miðlungs | Lágt | Hátt | Miðlungs | Hátt | Miðlungs |

| Svæði / hús | Önnur nöfn | BYGG. ÁR | LISTRÆNT GILDI | MENNINGAR-SÖGUL. GILDI | TÆKNILEGT ÁSTAND | UMHVERFISGILDI | UPPRUNALEGT GILDI | VARÐVEISLU-GILDI |
|---------------------|------------|-----------------|----------------|------------------------|------------------|----------------|-------------------|------------------|
| 8 KIRKJUTORG | | | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt | HÁTT |
| Kirkjutorg 1 | Þýskaland | Reykjarhóll | 1936 | Miðlungs | Lágt | Miðlungs | Hátt | Hátt |
| Kirkjutorg 3 | Rússland | Mikligarður | 1931 | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt |
| Kirkjutorgi | | Gamla pósthúsið | 1952 | Miðlungs | Miðlungs | Hátt | Hátt | Hátt |

Varðveislugildi húsa og mannvirkja flokkast sem hátt, miðlungs eða lágt og skilgreinist svona:

- Hátt varðveislugildi: Friðlýst hús og önnur hús með ótvírætt varðveislugildi
- Miðlungs varðveislugildi: Friðuð hús með lítið eða miðlungs varðveislugildi og önnur hús með miðlungs gildi
- Lágt varðveislugildi: Hús sem ekki falla undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi

Við gerð varðveislumatsins er verndarsvæðinu skipt niður í sömu reiti og gert er í greiningarkaflanum hér að undan. Niðurstöður varðveislumatsins eru birtar hér á eftir í töflum.

Í framhaldi er varðveislumat byggðarinnar á verndarsvæðinu tekið saman, hvert gildi fyrir sig. Niðurstöður eru dregnar saman og þær skýrðar með örfáum dæmum. Ítarlegri upplýsingar um hvert einstakt hús er að finna í húsaskráningarluta þessa verkefnis, *Húsakönnun Sauðárkróks. Norðurhluti gamla bæjar*.

Eins er um fornleifar, ítarlegri upplýsingar um þær má finna í fornleifaskráningarluta verkefnisins, *Verndarsvæði í byggð - Sauðárkrókur fornleifaskráning 2018*.

4.2.1. VARÐVEISLUGILDI HÚSA

4.2.1.1. Byggingarlist – listrænt gildi

Niðurstöður mats á byggingarlist eða listrænu gildi húsa á verndarsvæðinu eru þær að um 67% húsanna fær miðlungs til hátt listrænt gildi.

Af þessum húsum eru tvö hús friðlýst, Sauðárkróskirkja og Villa Nova, og hafa þau hvað mest varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar. Læknishúsið (Lundur, Skógargata 10b) og Gamli barnaskólinn fylgja þar fast á eftir. Þess má geta að Hörður Ágústsson leggur til í húsakönnun sinni frá 1977 að Læknishúsið verði friðað.



Mynd 101 Listrænt gildi.

Sauðárkróskirkja stendur við Kirkjutorg og markar upphaf Aðalgötu í suðri. Smíði við kirkjuna hófst árið 1892 í kjölfar þess að Fagranes- og Sjóvarborgarkirkjur voru lagðar niður. Þorsteinn Sigurðsson var ráðinn til verksins sem teiknaði og hannaði kirkjuna. Kirkjan var vígð í desember sama ár þótt hún væri ófullgerð og loks árið 1895 var hún fullfrágengin.

Kirkjan hefur verið mikið endurbætt í gegnum tíðina og árið 1998 var síðast farið í miklar framkvæmdir á bæði turni og kirkjuskipi og sjálf kirkjan lengd og kórinn breikkaður og undir hann steypur kjallari fyrir tæknibúnað. Þá hafði kirkjan verið í töluverðri niðurníðslu og stóð jafnvel til að byggja nýja. (Kirkjur Íslands, 176).

Kirkjan ber með sér nýgotneskan svip eins og margar íslenskar timburkirkjur sem byggðar voru á þessum tíma. Hún er hóflega prýdd ytra og í góðum hlutföllum.

(Kirkjur Íslands, 185-186). Þær breytingar sem gerðar hafa verið á kirkjunni falla vel að upprunalegu útliti hennar.

Villa Nova (Aðalgata 25) var reist árið 1903. Eigandi hússins, Christian Popp, flutti húsið inn tilhöggvið frá Noregi og lét reisa það við rústir Poppshúss sem brann árið 1902.

Villa Nova hefur verið notað í margvíslegum tilgangi, t.d. sem hótél, póstverslun, söngskóli, gallerí, fyrir flokksstarf stjórnmalaflokks og



Mynd 102 Sauðárkróskirkja.



Mynd 103 Villa Nova (Aðalgata 23).

nú síðast sem skrifstofa minjavarðar á Norðurlandi vestra en jafnframt til íbúðar í norðurhluta hússins.

Húsinu hefur lítið verið breytt að utan og er Villa Nova eina dæmið um norskt sveitserhús á Sauðárkróki. Stíll þess sker sig þó úr öðrum innfluttum norskum húsum, risið er lægra og húsið er ósamhverft, tvær hæðir í annan endann sem snúa þvert á aðalstefnu þess, en er að öðru leyti portbyggt með útskoti en skáli með svölum ofan á við enda tveggja hæða hlutans. (HÁ 1998, 167).

4.2.1.2. Menningarsögulegt gildi

Flestar fornminjar á verndarsvæðinu er horfnar vegna framkvæmda og uppbyggingar. Af 121 skráðum minjum eru einungis fjórar þeirra sem enn eru til staðar og teljast fornleifar samkvæmt laganna bókstaf og þar með friðaðar. Það eru Vetrarbrautin [1888-8], Kirkjugarðsstígur [1888-6], Ytrilindarræsið [1888-3] og matjurtagarður í Kristjánsklauf [1888-115].



Niðurstaða fornleifaskráningar á Mynd 104 Menningarsögulegt gildi verndarsvæðinu er sú að varðveislugildi fornleifa innan svæðisins sé fremur lágt.

Menningarsögulegt gildi verndarsvæðisins er því einkum að finna í húsum og umhverfi. Sú byggð sem hefur hæst menningarsögulegt gildi er elsti kjarni gamla bæjarins við Lindargötu, Skógargötu og Aðalgötu. Húsin hér segja sögu frá upphafi byggðar og fram til okkar daga.

Niðurstöður mats á menningarsögulegu gildi húsa á verndarsvæðinu eru þær að 77% húsanna fær miðlungs til hátt menningarlegt gildi, hátt fá 33% og miðlungs 44%. Í heild fær menningargildi svæðisins því miðlungs varðveislugildi.

Við Lindargötu standa allra elstu hús bæjarins og hafa mikið sögulegt gildi fyrir bæinn. Elsta hús bæjarins er Erlendarhús (Lindargata 13), sem er byggt árið 1874.

Erlendarhús / Hallshús (Lindargata 13) reis árið 1874 og stendur við brekkuna utan Ytrilindar og er húsið elsta uppstandandi hús á Sauðárkróki. Það var Hallur Ásgrímsson, fyrsti verslunarmaðurinn á Króknum, sem reisti húsið og efniviður í það mun hafa komið tilsniðinn til landsins.

Erlendarhús er einstaklega góður fulltrúi húss af dansk-íslenskri timburhúsagerð sem hefur þó einstakt útlit vegna tveggja kvista sem settir voru upp af útvegg á norður- og suðurhluta hússins. Af ljósmyndum að dæma komu þessir kvistir mjög snemma, líklega á bilinu 1878-1903.



Mynd 105 Erlendarhús (Lindargata 13).

Húsið hefur mjög lítið breyst og var gert upp árið 2007 en þá var timburgrind hússins lagfærð og gluggar, hurðir og timburklæðning færð í upprunalegt form. Húsið er mjög áberandi í götumyndinni í Lindargötu og blasir við innkomu í gamla bæinn frá norðri.

Gamli barnaskólinn (Aðalgata 2) var byggður árið 1908 og var barnaskólinn settur í fyrsta sinn í húsinu 19. október sama ár. Húsið var einnig nýtt undir ýmsa fundi og slökkvilið bæjarins hafði aðstöðu í kjallaranum. Kennt var í húsinu fram til ársins 1948 en ný skólabygging reis við Freyjugötu árið áður.

Eftir það hefur ýmis starfsemi verið í húsinu, t.a.m. bæjarskrifstofur, tannlæknastofa, teiknistofa arkitekts, kosningaskrifstofa, skrifstofur héraðsfréttablaðs, prentsmiðja og starfsemi Minjastofnunar Norðurlands vestra. Sumarið 2018 fékk Fornleifadeild Byggyasafns Skagfirðinga aðstöðu í húsinu og deilir því með Náttúrustofu Norðurlands vestra.



Mynd 106 Gamli barnaskólinn (Aðalgata 2).

Húsið er eitt besta dæmið um norsk-íslenska lágrisgerð á Sauðárkróki og hefur ekki tekið miklum breytingum gegnum tíðina. Undir lok 20. aldar var húsið endurbyggt í upprunalegri mynd. Húsið markar upphaf Aðalgötunnar í suðri, ásamt kirkjunni og safnaðarheimilinu (gamla sjúkrahúsinu) og er mikilvægur hluti af götumyndinni í gamla bænum.

Læknishúsið / Lundur (Skógargata 10b) var byggt árið 1901 og stóð upphaflega við Suðurgötu en var flutt í Skógargötu árið 1985. Það var áður mjög áberandi í bæjarmyndinni enda eitt glæsilegasta hús staðarins og stóð við aðkomu bæjarins í suðri.

Þegar Læknishúsið stóð við Suðurgötu rann Sauða austan við það og út í sjó, gegnum Kirkjutorgið sem nú er. Sunnan við húsið var stór garður þar sem fólk kom saman á hátíðisdögum. Húsið hýsti héraðslækna og fjölskyldur þeirra til ársins 1956 ásamt því að gegna hlutverki lyfjabúðar og skrifstofu sem var í norðvesturenda hússins.



Mynd 107 Læknishúsið (Skógargata 10b).

Húsið er sveitserhús og gott dæmi um slíkan byggingarstíl en hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar frá upphafi. Eftir að húsið var flutt á Skógargötu var unnið að því að færa húsið sem næst upprunalegri mynd.

4.2.1.3. Umhverfisgildi

Umhverfi gamla bæjarins hefur allnokkuð breyst frá upphafi byggðar eins og áður hefur komið fram. Sauðáin rennur sunnan byggðarinnar og fjaran er mun austar en áður var vegna landfyllinga sem hafa breytt ásýnd byggðarinnar töluvert. Samt sem áður eru veigamiklir landslagsþættir sem hafa haldið sér í meginatriðum.

Hér ber hæst Nafirnar og Klaufirnar sem hafa lítið breyst þótt umhverfið sé að öllum líkindum mun grónara nú en við upphaf byggðar. Einnig má nefna fjöruna þótt hún hafi færst fjær byggðinni. Þessir landslagsþættir sköpuðu sterka umgjörð um byggðina í upphafi og gera það enn.

Byggðin við Nafirnar hefur hvað hæst umhverfisgildi á svæðinu. Samspil bygginga og umhverfis er þar víða mjög gott og sömu sögu má segja um byggðina í Klaufunum tveimur, sem er rýmisins vegna, einstök.

Niðurstöður mats á umhverfisgildi húsa á verndarsvæðinu eru þær að um 79% húsanna fær miðlungs til hátt umhverfisgildi.



Mynd 108 Umhverfisgildi.

4.2.1.4. Upprunalegt gildi

Lítið af fornminjum hefur varðveist á verndarsvæðinu eins og gjarnan vill verða í þéttbýlisþróun.

Aftur á móti eru á svæðinu fjöldi gamla og merkilegra húsa af ýmsum húsgerðum sem bera sögu byggðarinnar vitni.

Mat á upprunalegu gildi húsa á svæðinu leiddi í ljós að 81% þeirra hafa miðlungs til hátt upprunalegt gildi.



Mynd 109 Upprunalegt gildi.

4.2.1.5. Ástand

Á heildina lítið er svipmót byggðarinnar á verndarsvæðinu er mjög gott. Ramminn umhverfis byggðina, Nafir – Klaufir – Fjara, er sterkur og litlar líkur á því að honum sé ógnað af framkvæmdum.

Aftur á móti eru minni svæði innan verndarsvæðisins sem eru illa hirt og draga svipmót byggðarinnar niður og rýra gildi þess. Sömu sögu má segja um ástand einstakra bygginga, sumar eru mjög illa farnar og þyrfti hugsanlega að rífa og aðrar þarfnast sárlega viðhalds. Betrumbætur á þessum svæðum og byggingum myndu bæta ásýnd byggðarinnar í heild til mikilla muna.



Mynd 110 Tæknilegt ástand.

Niðurstöður mats á ástandi húsa á verndarsvæðinu eru þær að 83% húsanna fær miðlungs til hátt umhverfisgildi.

4.3. NIÐURSTÖÐUR VARÐVEISLUMATS


Á kortinu *Varðveislugildi húsa og varðveisluverðar heildir* má sjá niðurstöður varðveislumats samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar.

Kortið sýnir endanlega niðurstöðu úr mati á varðveislugildi svipmóts byggðarinnar (4. kafli hér á undan) og úr húsaskráningu.

Af 90 húsum fengu 28 hús hátt varðveislugildi. Flest þessara húsa fá hátt fyrir menningarsögulegt gildi, listrænt gildi og umhverfisgildi en meiri breytileiki er á einkunnum fyrir upprunaleika og tæknilegt ástand. Þau fjögur hús sem fá hátt fyrir alla fimm þættina eru: Aðalgata 2 (Gamli barnaskólinn), Aðalgata 23 (Villa Nova), Kirkjutorg (Sauðárkróskirkja) og Lindargata 13 (Hallshús). Sauðárkróskirkja og Villa Nova hafa þegar verið friðlýst. Það mætti athuga hvort vert væri að friðlýsa Aðalgötu 2 og Lindargötu 13.



Mynd 111 Hlutfall skráðra húsa á Sauðárkróki út frá varðveislugildi.



Kort 37 Varðveislugildi húsa og svæða.



Mynd 112 Saundárkrókur 1980-1985.

5

VERNDUN OG UPPBYGGING

Hér að framan hefur svipmót byggðarinnar verið greint og í framhaldi þess varðveislugildi hennar metið. Rýnt hefur verið í þá þætti sem gefa byggðinni gildi til að tryggja að þær breytingar sem verða styrki byggðina, svipmót hennar og yfirbragð. Mat á varðveislugildi, sem nær yfir einstaka byggingar, umhverfi og menningarsögu er grundvöllur skilmála um verndun og uppbyggingu svæðisins.

Skilmálar um verndun og uppbyggingu eru settir til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru í tillögnum um verndarsvæðið, þ.e. **að festa verndun gamla bæjarins í sessi með það að markmiði að framtíðaruppbygging svæðisins taki mið af þeirri menningarsögulegri arfleifð sem svæðið býr yfir.**

Í leiðbeiningum Minjastofnunar kemur fram hvernig haga skuli uppbyggingu á tilteknum svæðum út frá varðveislugildi þeirra:

Hátt varðveislugildi: Minnstir möguleikar á uppbyggingu. Aðgerðir skulu miða að því að bæta það sem fyrir er. Þar sem gera má ráð fyrir að þar á meðal séu hús og mannvirki sem hafa mikið byggingarlistarlegt og menningarsögulegt gildi skulu endurbætur á húsum og mannvirkjum miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það getur átt við ef þeim

hefur verið breytt á þann hátt að ekki samrýmist henni og þar má nefna klæðningar og glugga.

Miðlungs varðveislugildi: Nokkrir möguleikar á uppbyggingu. Endurbætur á eldri húsum og mannvirkjum skulu miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það sem byggt er nýtt skal laga sig að byggðinni sem fyrir er og hlutföll og svipmót hennar skulu virt.

Lágt varðveislugildi: Mestir möguleikar á uppbyggingu. Það skal þó alltaf haft að leiðarljósi að það sem byggt er nýtt þarf að falla vel að byggðinni sem fyrir er og taka mið af hlutföllum og svipmóti hennar.

5.1. MÖGULEIKAR TIL UPPBYGGINGAR

Eins og glögglega má sjá á korti 26, *Varðveislugildi húsa og varðveisluverðar heildir*, er stærstur hluti verndarsvæðisins skilgreindur með hátt varðveislugildi eða um 65 % af flatarmáli svæðisins. Af því má draga þá ályktun að byggðin sé nálægt þolmörkum og takmarkað svigrúm til uppbyggingar. Samt sem áður er nokkuð um auða reiti eða lóðir og inni á milli eru byggingar sem mættu víkja þar sem þær hafa neikvæð áhrif á svipmót byggðarinnar.

5.2. SKILMÁLAR

Verndarsvæði í byggð skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosninum. Það þýðir að þeir skilmálar sem settir eru fram hér eru ekki endanlegir heldur geti þeir tekið breytingum.

Í gildi er deiliskipulag fyrir gamla bæinn frá 1987, sem tekur yfir verndarsvæðið. Ákveðið hefur verið að vinna nýtt deiliskipulag fyrir gamla bæinn og munu áherslur í skilmálum hér endurspeglast í því, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87 / 2015:

„Sveitarstjórn skal tryggja að ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð endurspeglast í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélagsins.“

Skilmálarnir hér eru settir fram eins rúmir og kostur er, en þó innan þess ramma sem ákvæði laga um verndarsvæði í byggð kveða á um. Ástæður þess eru ýmsar, t.d. vegna þess að nýtt deiliskipulag er í farvatninu þar sem ný stefnumörkun og ítarlegri skilmálar verða unnir fyrir svæðið. Einnig er talið farsælla að verkefni sem þetta fái að þróast stig af stigi í samvinnu við íbúa á svæðinu.

Skilmálarnir eru skrifaðir með hugtakið samþætta verndun að leiðarljósi. Það þýðir að verndun menningarsögulegrar byggðar felist í því að **verndun og uppbygging** fari saman. Það merkir sem sagt ekki að engu megi breyta í eldri byggð heldur skuli breytingar innan verndarsvæðis miða að því að styrkja þá þætti byggðarinnar sem varðveislugildi hennar felast í. Niðurstaðan skili sér í sterkum bæjarkjarna með styrkan grunn fyrir búsetu, mannlíf og þjónustu.

Því er mikilvægt að líta á þetta verkefni sem lifandi ferli sem breytist samhliða öðrum breytingum og þróun í samfélaginu. Hugmyndin er ekki að búa til safn eða að svæðið staðni heldur á bæjarhlutinn að fá að þróast áfram á eðlilegan hátt með samblöndu íbúðabyggðar og verslunar- og þjónustustarfsemi.

Markmið með skilmálunum er að tryggja að byggðinni verði ekki spillt og varðveislugildi hennar þar með rýrt. Mikilvægt er að skilgreina reiti, lóðir og byggingar sem eru í hættu vegna slæms viðhalds, vanrækslu eða er ógnað vegna þrýstings um uppbyggingu eða samræmist ekki markmiðum um verndun byggðarinnar. Brýnt er að stýra því hvernig svæðið þróast og laga þá þróun að því sem vilji er til að vernda. (Leiðbeiningar MÍ, bls. 16)

Fyrst verða settir fram almennir skilmálar sem gilda fyrir svæðið í heild. Í framhaldi er farið yfir skilmála fyrir hvern og einn reit.

ALMENNIR SKILMÁLAR FYRIR VERNDARSVÆÐIÐ ALLT

Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang.

Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins.

Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.

UMHVERFI:

- Smærri mannvirki í almenningsrýmum eins og grindverk, girðingar, listaverk, skilti og öll götugögn almennt skal velja af vandvirkni og gæta þess að þau falli vel að heildarásýnd byggðarinnar og stríði ekki gegn staðháttum, umhverfi og menningarsögulegum einkennum.
- Götur og bílastæði skal fella eins vel að umhverfi og kostur er og forðast að leggja stór svæði undir bílastæði. Reynist það nauðsynlegt skal brjóta þau upp með einhverjum hætti, t.a.m. gróðri, grashellum eða slíku.

- Gönguleiðir skal byggja upp með öryggi vegfarenda að leiðarljósi og vanda efnisval og frágang þannig að útlit þeirra falli vel að svipmóti byggðarinnar og nánasta umhverfi.
- Gróður á almenningsrýmum skal falla vel að umhverfi og staðhättum og taka mið af því sem fyrir er.
- Girðingar á lóðamörkum eru heimilar en leggja skal inn umsókn þess efnis fyrir Skipulags- og byggingarnefnd.

BYGGINGAR:

- Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi og staðhättum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Þar sem nýjar byggingar rísa skal vandlega gætt að sjónlínunum innan byggðarinnar og staðsetja byggingar þannig að þær styrki byggðina.
- Heimilt er að byggja við hús ef nauðsynlegt er til þess að það nýtist og skal heildarstærð húsbyggingar taka mið af skilgreindu nýtingarhlutfalli lóðar (sem fram kemur í deiliskipulagi.)
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess.
- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.

Aðalgöturéitur (1)

UMHVERFI:

Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almennarými. Mikilvægt er að þær umhverfisbætur styrki götumynd Aðalgötu sem miðbæjargötu.

Innan Aðalgöturéits eru lóðir og eyður sem í nýju deiliskipulagi þarf að skilgreina og gefa hlutverk. Þetta á við um svæði sem vantar tilgang, þarfnast viðhalds eða eru vanrækt t.d.:

- Lóð Aðalgötu 18: Hér er gert ráð fyrir byggingarlóð.
- Autt svæði milli Aðalgötu 20 og 22: Malarborið port og hús í niðurníðslu.
- Kaupangstorg: Malarborið og illa skilgreint svæði.
- Autt svæði á milli Kaupangstorgs 1 og Skógargötu 1. Þetta svæði hefur lengi verið í órækt og þarfnast nauðsynlega umhverfisbóta.
- Svæðið milli Aðalgötu 22 og 24: Hluti þessa svæðis er malarborinn innakstur að Trésmiðjunni Ýr (Aðalgötu 24a). Ef hér á að vera aðkoma að Aðalgötu 24a þarf að skipuleggja hér götu og bæta þannig ásýnd og virkni svæðisins.
- Lóð Villa Nova þarfnast umbóta til samræmis við bygginguna. Þær betrubætur skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót Villunnar og samspil lóðar og byggingar sé rökrétt og aðlaðandi.

BYGGINGAR:

Nýbyggingar

- Nýbyggingar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan.

Viðhald og viðbyggingar

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.
- Þetta á við um hús eins og: Sauðárkróskirkju, Aðalgötu 1 (Safnaðarheimili), Aðalgötu 2 (Gamla barnaskólann), Aðalgötu 9 (Miklibær), Aðalgötu 16 (Laufás), Aðalgötu 17 (Svangrund), Aðalgötu 21 (Kaupangur), Aðalgötu 23 (Villa Nova) og Aðalgötu 25 (Helgafell).

Kristjánsklauf og Brekkugata (2)

UMHVERFI:

Öll landmótun á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðhátum og miða að því að styrkja svipmót byggðarinnar.

Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almannarými. Þær umhverfisbætur skulu miða að því að vernda og styrkja það sérstaka svipmót sem rýmið í Kristjánsklauf býr yfir.

- Auð, malarborin og óhirt svæði þarf að skipuleggja og betrubæta.
- Lóðir þarf að skilgreina og hvað tilheyrir þeim, t.d. hvað varðar bílastæði.
- Mikilvægt er að hindra akstur upp Kristjánsklauf upp á Nafir.
- Gönguleiðir þarf að skilgreina og afmarka með skýrum hætti.

BYGGINGAR:

Nýbyggingar

Hér er ekki gert ráð fyrir nýbyggingum enda svæðið fullnýtt. En skapist þær aðstæður skulu þær hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.

Viðhald

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

Lindargata (3)

UMHVERFI:

Öll landmótun, þ.m.t. lagfæringar lands eftir aurflóð eða stöllum á landi, skal falla vel að umhverfi og staðhátum og miða að því að styrkja svipmót byggðarinnar.

Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almannarými. Mikilvægt er að þær umhverfisbætur styrki götummynd Lindargötu.

- Auð, óhirt svæði og baklóðir þarf að skilgreina, gefa hlutverk og betrubæta.
- Lóðir og opinber svæði þarf að skilgreina og hvað tilheyrir hverjum, t.d. hvað varðar bílastæði.
- Skýra þarf ökuleiðir, hvort Lindargata skuli vera lokuð að sunnan.
- Baklóð Aðalgötu 21 skal vera snyrtileg og skipulögð á þann hátt að hún styrki ásýnd Lindargötu.

BYGGINGAR:

Nýbyggingar

Hér er ekki gert ráð fyrir nýbyggingum enda svæðið fullnýtt. En skapist þær aðstæður skulu þær hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.

Viðhald

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

Aðalgata - baklóðir (4)**UMHVERFI:**

Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur sem styrki húsaröðina, þ.e. bakhúsin við Aðalgötu. Hér skal gætt að ásýnd húsa og umhverfis beggja vegna frá, bæði frá Aðalgötu og Strandvegi.

Nauðsynlegt er að skapa hér aðlaðandi svæði í stað þess hrörlega yfirbragðs sem ríkt hefur um árabíl.

Á svæðinu eru eyður sem þarf að skilgreina, gefa hlutverk og skipuleggja með tilliti til þess. Þetta á við um svæði sem vantar tilgang og/eða þarfnast viðhalds t.d.:

- Svæðið milli Aðalgötu 24 og 24a: Skerpa þarf á umferðarleiðum og bæta ásýnd svæðisins.
- Ljúka þarf við gönguleið frá Strandvegi, sem tengist svæðinu milli Aðalgötu 24 og 24 a. Þessa gönguleið þarf að tengja við Aðalgötu en sem stendur endar hún í portinu milli húsanna.

BYGGINGAR:**Nýbyggingar**

- Nýbyggingar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.

- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að ofan.

Viðhald

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.

Skógargata (5)**UMHVERFI:**

Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almannarými. Mikilvægt er að þær umhverfisbætur styrki götumynd Skógargötu og það rólega yfirbragð sem hún býr yfir.

Við Skógargötu eru lóðir og eyður sem þarf að skilgreina, gefa hlutverk og skipuleggja með tilliti til þess. Þetta á við um svæði sem vantar tilgang og/eða þarfnast viðhalds t.d.:

- Lóðir beggja vegna Skógargötu 10b: Hér er gert er ráð fyrir byggingarlóðum.
- Malarplan gegnt Skógargötu 10b: Malarborið og illa skilgreint svæði. Hér þarf að skipuleggja og skilgreina umferðarleiðir, bílastæði, eignarhald o.s.frv.
- Róló: Efla svæðið sem útivistarsvæði og tengja betur við Aðalgötu.
- Svæðið milli Aðalgötu 22 og 24: Hluti þessa svæðis er malarborinn innakstur að Trésmiðjunni Ýr (Aðalgötu 24a). Ef hér á að vera aðkoma að Aðalgötu 24a þarf að skipuleggja hér götu og bæta þannig ásýnd og virkni svæðisins.

BYGGINGAR:**Nýbyggingar**

- Nýbyggingar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.

- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan.

Viðhald

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

Þetta á við um hús eins og: Skógargötu 9 (Melsteðshús), Skógargötu 10b (Læknishúsið), Skógargötu 11 (Gúttó), Skógargötu 13 (Sólvang), Skógargötu 15 (Kirkjuhvol) og Skógargötu 17b (Sauðá).

SÆVARSTÍGUR OG FREYJUGATA (7)

UMHVERFI:

Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almannarými. Mikilvægt er að þær umhverfisbætur vinni gegn því óheildstæða og slitrótta yfirbragði sem nú er.

Í skipulagi er fyrirhuguð íbúðabyggð austan þessa svæðis (sjá Jaðarsvæði hér á eftir) og ef svo verður lendir þetta svæði á milli Aðalgötu og nýju íbúðabyggðarinnar. Mikilvægt er því að huga vel að tengslum þessara þriggja svæða, bæði hvað varðar alla innviði, ásýnd og yfirbragð.

Á svæðinu eru lóðir og eyður sem þarf að skilgreina, gefa hlutverk og skipuleggja með tilliti til þess. Þetta á við um svæði sem vantar tilgang og/eða þarfnast viðhalds t.d.:

- Lóð Sævarstígs 4: Skilgreina lóðarmörk og skipuleggja svæðið.
- Hús / lóð við Sævarstíg 6: Meta ástand hússins, hugsanlega þarf að rífa það.
- Svæði milli Freyjugötu 1 og 3.
- Almenn þarf að skilgreina lóðir og athuga eignarhald.

BYGGINGAR:

Nýbyggingar

- Við byggingu nýrra húsa þarf að gæta vel að því að samspil nýrrar og núverandi byggðar verði aðlaðandi.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að ofan.
- Leggja þarf áherslu á uppbyggingu innviða með tilliti til útivistar, þ.m.t. gönguleiðir og tengingar gegnum þetta svæði frá gamla bænum, gegnum nýja byggð og niður að fjöru.

Viðhald

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

Kirkjutorg (8)

UMHVERFI:

- Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almannarými. Mikilvægt er að þær umhverfisbætur styrki rýmismyndun torgsins.
- Auð, óhirt svæði og baklóðir þarf að skilgreina og betrubæta.

- Lóðir og opinber svæði þarf að skilgreina og hvað tilheyrir hverjum.
- Torgið þarf að hanna og skipuleggja frá grunni.

BYGGINGAR:

Nýbyggingar

- Nýbyggingar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að ofan.

Viðhald

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

Jaðarsvæði

Austan Aðalgötu og Freyjugötu og upp að Strandvegi er mikið grasi vaxið svæði sem á að verða íbúðabyggð samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Á korti með þessari umfjöllun er það svæði merkt sem jaðarsvæði.

- Á jaðarsvæði er heimilt að reisa nýbyggingar og skal áhersla lögð á að þær falli vel að núverandi byggð og hafi sögulega skírskotun til nálægra bygginga hvað varðar stærð, útlit og hlutföll.
- Við uppbyggingu svo margra nýrra húsa þarf að gæta vel að því að samspil nýrrar og núverandi byggðar verði aðlaðandi.
- Hér þarf að huga vel að sjónlínunum innan byggðarinnar og áhugaverðum útsýnisstöðum og áningarstöðum við fjöruna.
- Leggja þarf áherslu á uppbyggingu innviða með tilliti til útivistar, þ.m.t. gönguleiðir og tengingar gegnum þetta svæði frá gamla bænum og að fjörunni.



Mynd 113 Saudárkrókur 1956-1960.

6

VERNDARSVÆÐIÐ OG NÚGILDANDI SKIPULAG

Samkvæmt 9. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 skal sveitarstjórn tryggja að ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð endurspeglar í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélagsins.

AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR 2009-2021

Verndarsvæðið fellur undir þrjú landnotkunarflokkka í aðalskipulaginu: opið svæði, miðsvæði og íbúðabyggð. Í aðalskipulaginu var einnig samþykkt hverfisvernd á hluta þess svæðis sem fjallað er um hér.

„Hverfisvernd er lögð til á gamla bæjarhlutanum í samræmi við deiliskipulag afsvæðinu sem staðfest var af ráðherra 1986. Í bæjar- og húsakönnun sem lauk árið 2001 er lagður grundvöllur að verndarstefnu sveitarstjórnar fyrir bæjarhlutann.“ (Aðalskipulag, 1. og 4. kafli bls. 76). Ekki þótti raunhæft að friða hverfið heldur skilgreina það sem verndarsvæði en með því er átt við að svipmót og ríkjandi húsgerð á svæðinu haldist. (Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Forsendur: 169-170).



Kort 38 Úr þéttbýlisupprætti Sauðárkróks.

DEILISKIPULAG

Í Deiliskipulagi gamla bæjarins frá 1986 segir að sá hluti sem njóti hverfisverndar sé Skógargötusvæðið, svæðið milli Kirkjuklaufar og Kristjánsklaufar, vestan Aðalgötu. Ástæða þótti til að vernda Skógargötusvæðið, svipmót þess og ríkjandi húsgerð því þar stæðu “... lítill hús að grunnfleti, þétt og óreglulega. Þau skapa saman ákvæðið þorpssvipmót, sem hefur byggðarsögulegt gildi, umhverfisgildi og byggingarsögulegt gildi í heild sinni.“ (ÁR 1986, 31).

Í deiliskipulaginu eru ýmis ákvæði, t.d. er þar skilgreint hámarksnýtingarhlutfall fyrir hverja lóð (með bílgeymslu, garðhúsum og öðrum útihúsum). Þá segir að ekki verði heimilt að stækka hús meira en 30% að rúmmáli, að kvistir verði ekki breiðari en þriðjungur af tilheyrandi húshlið, að gluggar og byggingarefni verði eins og á upprunalegu húsi og tryggt sé að viðbygging falli vel að því. Jafnframt skuli setja sérstaka byggingarskilmála og ákvæði fyrir Skógargötusvæðið.

Tekið er fram að þessi ákvæði skuldi gilda, eftir því sem við á, um nýbyggingar á svæðinu. Ítrekað er að það sem leitast er við að vernda sé húsgerð og svipmótt húss og hverfis. (ÁR 1986, 31).

Það er því augljóst að markmið deiliskipulagsins eru í fullu samræmi við hugmyndafræði verndarsvæðis í byggð þótt vissulega sé ýmislegt orðið barn síns tíma í deiliskipulaginu, enda óeðlilegt annað.

Í samantektinni hér að ofan sést að svipaðar áherslur eru í þessum tveimur skipulagsáætlanum og nú er unnið með í tillögu að verndarsvæði í byggð. Verndarsvæði í byggð gengur þó lengra en hverfisverndin á sínum tíma og skilgreinir stærra svæði. Í framhaldi væri eðlilegast að taka fyrir suðurhluta gamla bæjarins á sama hátt og ljúka þannig vinnu við byggðakjarnann allan, gamla bæinn, á sama hátt.



Mynd 114 Sildarsöltun.



Mynd 115 Við gömlu bryggju.



Mynd 116 Síldarbörur.



Mynd 117 Uppskipun.



Mynd 118 Verið að flytja nótabát eftir Aðalgötu.



7

HEIMILDIR

- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, forsendur. Lendis. Sauðárkrókur: Sveitarfélagið Skagafjörður 2009. (ASK-F 2009).
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, greinargerð. Lendis. Sauðárkrókur: Sveitarfélagið Skagafjörður 2009. (ASK-G 2009).
- Ari Trausti Guðmundsson, Flosi Ólafsson (2003), *STEINUÐ HÚS Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.
- Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir. (2001). *Bæjar- og húsakönnun fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki*. Sauðárkrókur: Sveitarfélagið Skagafjörður, Húsafriðunarnefnd ríkisins. (ÁR 2001).
- Árni Ragnarsson. (1986). *Deiliskipulag gamla bæjarins*. Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður. (ÁR 1986).
- Guðmundur Hannesson. (1916). *Um skipulag bæja*. Endurútgáfa, Reykjavík: Háskólaútgáfan. (GH 1916).
- Guðmundur L. Hafsteinsson. (2000). *Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970*. Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins. (GLH 2000).
- Guðný Zoega, Sólveig Olga Sigurðardóttir. (2018). *Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrókur fornleifaskráning 2018*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknaskýrslur 2018/200.
- Hanna Rósa Sveinsdóttir (2016), Akureyrarbær. *Menntaskólinn á Akureyri og nærliggjandi íbúðarsvæði*. Húsakönnun 2016. Minjasafnið á Akureyri, Akureyrarbær, Akureyri.
- Hörður Ágústsson. (1977). *Húsakönnun á Sauðárkróki*. Vantar útgefanda og útgáfustað. (HÁ 1977).
- Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleifð I*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins. (HÁ 1998).
- Jon Nordsteien (2007). *Gömul timburhús Útveggir, grind og klæðning*. 4. úgáfa. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.
- Kálund, P. E. Kristian (1986). *Íslenzkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Íslenzk þýðing Haraldur Matthíasson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Kristmundur Bjarnason. (1969). *Saga Sauðárkróks I*. Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður. (KB 1969).
- Kristmundur Bjarnason. (1971). *Saga Sauðárkróks II*. Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður. (KB 1971).
- Kristmundur Bjarnason. (1973). *Saga Sauðárkróks III*. Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður. (KB 1973).
- Morgunblaðið, 15. tölublað (19.01.1997). Blaðsíða 32. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1870897.

Morgunblaðið, 36. tölublað (13.02.1992). Blaðsíða 18. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1759456.

Morgunblaðið, 77. tölublað (01.04.1995). Blaðsíða 59. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1827108.

Morgunblaðið, 151. tölublað (06.06.2009). Blaðsíða 29. http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=333960&pageId=5254235&lang.

Pétur Sighvats (1997). „Hátíðarræða á hálftrar aldar kaupstaðarafmæli Sauðárkróks“, Skagfirðingabók 25. árgangur, 1. tölublað. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 32-45.

Unnar Ingvarsson. (2016). *Samfélagsumræða, samfélagsbreytingar og stjórnmalastarf í Skagafirði 1850-1940* (mastersritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. (UI 2016).

7.1. MYNDASKRÁ

Mynd 1 Sauðárkrókur um 1893.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 2 Sauðárkrókur um 1903.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 3 Sauðárkrókur á þriðja áratug 20. aldar.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 4 Séð yfir gamla bæinn haustið 2017.

Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2017.

Mynd 5 Markaðsdagur á Sauðárkróki um 1903.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 6 Sauðárkrókur 1898.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 7 Innbærinn árið 1900, séð niður

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Kristjánsklauf.

Mynd 8 Nokkur hús frá fyrstu áratugum byggðar. 1)

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Villa Nova og Þverhús, 2) Poppshús, 3) Blöndalshús

(Vidalínspóstur lengst til hægri), 4) Ólafshús, 5)

Grána (Uppsalir), 6) Goðdalir.

Mynd 9 Sauðárkrókur um 1898-1900.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 10 Úr Aðalgötu, frá vinstri: Svansgrund

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

(Aðalgata 17), Apótekið (Aðalgata 19) og fjærst

Kaupangur (Aðalgata 21). Lengst til hægri sést glitta í

Staðastað (Aðalgötu 20).

Mynd 11 Sauðárkrókur 1907.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 12 Sauðárkrókur um 1912.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 13 Sauðárkrókur 1910-1912.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 14 Sauðárkrókur 1926.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 15 Sauðárkrókur um 1930.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Mynd 16 Sauðárkrókur 1931-1934.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

| | | | |
|---|------------------------------------|--|------------------------------------|
| Mynd 17 Séð yfir gamla bæinn úr Kirkjugarðsstíg, 1959. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 36 Sauðárkrókur 1925. Hér rennur Sauðá í stokki neðan við Læknishúsið, þar sem nú er Suðurgata 1. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 18 Sauðárkrókur á 6. áratugnum. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 37 Sauðárkrókur um 1900. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 19 Innbærinn um 1970. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 38 Brýtur á gömlu bryggjunni. Óvíst hvenær myndin er tekin. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 20 Útbærinn um 1980. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 39 Sauðárkrókur 1903. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 21 Haust 2017. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 40 Sauðárkrókur 1925. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 22 Sumar 2017. | Kári Árnason, 2017. | Mynd 41 Séð niður Kristjánsklauf. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 23 Séð yfir gamla bæinn úr norðri. | Sveitarfélagið Skagafjörður, 2017. | Mynd 42 Sauðárkrókur 1925. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 24 Horft yfir gamla bæinn til norðurs. Myndin er tekin úr Kirkjugarðsstíg árið 1920. Niður stíginn ganga mælingamenn kortadeildar danska herforingjaráðsins. | Landmælingar Íslands | Mynd 43 Gamli bærinn úr norðri. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 25 Séð suður Skógargötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 44 Horft yfir norðurhluta gamla bæjarins úr suðri. | Kári Árnason, 2017. |
| Mynd 26 Séð yfir Sævarstíg og norðurhluta Freyjugötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 45 Séð yfir smábátahöfnina til vesturs. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 27 Aðalgata 21 í forgrunni, Lindargötumegin. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 46 Fjórar vetrarmyndir af svæðinu, frá suðri til norðurs. | Kári Árnason, 2018. |
| Mynd 28 Norðurhluti gamla bæjarins. | Kári Árnason, 2017. | Mynd 47 Byggingarefni húsa á verndarsvæðinu. | Sólborg Una Pálsdóttir. |
| Mynd 29 Horft yfir að smábátahöfninni. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 48 Aðalgata 17, Lindargata 13, Skógargata 7 og Skógargata 9. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 30 Kaupangstorg. | Kári Árnason, 2017. | Mynd 49 Lindargata 9, Aðalgata 16c, Lindargata 3 og Aðalgata 16. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 31 Kirkjutorg. | Kári Árnason, 2017. | Mynd 50 Aðalgata 13, Aðalgata 15, Aðalgata 19 og Lindargata 7. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 32 Sauðárkrókur um 1910 | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 51 Aðalgata 23, Aðalgata 9, Skógargata 10b, Aðalgata 1. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 33 Sauðárkrókur 1893, og fyrir neðan mynd frá 1898. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 52 Skógargata 11, Skógargata 5b, Aðalgata 21b og Aðalgata 2. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 34 Efst Sauðárkrókur um 1903, svo um 1910 og loks um 1930. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | | |
| Mynd 35 Sauðárkrókur aldamótaárið, horft til suðurs. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | | |

| | | | |
|--|--|---|------------------------------------|
| Mynd 53 Sauðárkrókur frá tímabilinu 1908-1913. Hús lágris-gerðar merkt hvítum kassa. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 70 Horft niður Kristjánsklauf. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 54 Aðalgata 10 (Deild) upp úr 1913 og sama hús árið 2018. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga / Sigrún Fossberg Arnardóttir. | Mynd 71 Horft upp til Brekkugötu og Kambastígs frá sjó. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 55 Kambastígur 1, Kambastígur 8, Kambastígur 6 og Skógargata 14. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 72 Kambastígur 1, Kambastígur 4, Kambastígur 6, Skógargata 6b, Kambastígur 2 og Brekkugötuhausin þrjú. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 56 Aðalgata 22b, Aðalgata 24A, Aðalgata 24 og Hlíðarstígur 2. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 73 Séð norður Lindargötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 57 Aðalgata 8, Lindargata 5, Kirkjutorg 3 og Skógargata 20. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 74 Lindargata 3 fremst og Lindargata 5 fyrir miðri mynd. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 58 Aðalgata 21 A, Aðalgata 25, Brekkugata 1, Aðalgata 7. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 75 Lindargata 3, Lindargata 5, Lindargata 7, Lindargata 9 fjær og Lindargata 11. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 59 Útihúsa-skúr við Hlíðarstíg 2 (efst), við Skógargötu 13 (mið), og við Kambastíg 8 (neðst). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 76 Lindargata 1 í forgrunni, Lindargata 3 fjær. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 60 Skúr við Lindargötu 9 og skúr við Freyjugötu 10b. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 77 Húsaröðin Aðalgata 21 næst á myndinni, bakhús Aðalgötu fjær. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 61 Sauðárkrókur 1931-1935. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. | Mynd 78 Svæðið milli Aðalgötu 24 og 24a. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 62 Séð yfir gamla bæinn til norðurs. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 79 Aðalgata 22b (Leikborg / Sláturhús KG), Aðalgötumegin. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 63 Aðalgata, séð til norðurs. Safnaðarheimilið til vinstri, Gamli barnaskólinn til hægri. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 80 Aðalgata 16c, Aðalgata 16, Aðalgata 24a og Aðalgata 24. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 64 Séð yfir í nærliggjandi götur úr Aðalgötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 81 Séð suður Skógargötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 65 Ólík hús við Aðalgötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 82 Séð yfir leikvöllinn og malarplanið, Læknishúsið fremst á myndinni. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 66 Aðalgata 7 og 9 (Dýrfinnuhús). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 83 Húsaþyrpingin í Skógargötu. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 67 Aðalgata 10 (Deild) og 10b. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | | |
| Mynd 68 Horft inn í portið á milli húsanna Aðalgötu 20 og 22. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | | |
| Mynd 69 Auð lóð Aðalgötu 18 til vinstri við ljósa húsið á miðri myndinni. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | | |

| | | | |
|---|--|--|------------------------------------|
| Mynd 84 Skógargata 10b, Skógargata 11, Skógargata 15 og Skógargata 17b. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 97 Mikligarður (Kirkjutorg 3). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 85 Skógargata 7 og Skógargata 13. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 98 Reipitog milli sjómanna og iðnaðarmanna 1953-1955. Myndin er tekin í Skógargötu, fyrir neðan gömlu Gróðrarstöðina. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 86 Skógargata 9 og Skógargata 11 - Gúttó. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 99 Malbikun Skagfirðingabrautar 1962-1964. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 87 Hlíðarstígur 2 og Hlíðarstígur 4. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 100 Sauðárkrókur 1926. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| Mynd 88 Horft niður Kirkjuklauf, húsið næst á myndinni er Hlíðarstígur 4. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 101 Listrænt gildi. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Mynd 89 Horft upp Kirkjuklauf frá sjó. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 102 Sauðárkrókskirkja. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 90 Horft yfir svæðið, útsýni frá Nöfum. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 103 Villa Nova (Aðalgata 23). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 91 Horft yfir svæðið úr suðvestri. | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 104 Menningarsögulegt gildi | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Mynd 92 Freyjugata 10, Freyjugata 10b, Freyjugata 1b, Freyjugata 1, Freyjugata 3 og Sævarstígur 6 . | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 105 Erlendarhús (Lindargata 13). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 93 Frá Kirkjutorgi. | Kári Árnason, 2017. Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 106 Gamli barnaskólinn (Aðalgata 2). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 94 Jól á Kirkjutorgi. | Sveitarfélagið Skagafjörður, 2005. Sótt af: https://www.skagafjordur.is/mannlif/upplýsingar/myndasafn/kveikt-a-jolatrenu-3-des-2005 | Mynd 107 Læknishúsið (Skógargata 10b). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. |
| Mynd 95 Jól á Kirkjutorgi. | Sveitarfélagið Skagafjörður, 2007. Sótt af: https://www.skagafjordur.is/mannlif/upplýsingar/myndasafn/ljos-tendrud-a-jolatre-vid-kirkjutorg-des-2007 | Mynd 108 Umhverfisgildi | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Mynd 96 Gamla pósthúsið (Kirkjutorg 5) og Þýskaland (Kirkjutorg 1). | Sigrún Fossberg Arnardóttir, 2018. | Mynd 109 Upprunalegt gildi. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Mynd 110 Ástand. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Mynd 111 Hlutfall skráðra húsa á Sauðárkróki út frá varðveislugildi. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Mynd 112 Sauðárkrókur 1980-1985. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| | | Mynd 113 Sauðárkrókur 1956-1960. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| | | Mynd 114 Síldarsöltun. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| | | Mynd 115 Við gömlu bryggju. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| | | Mynd 116 Síldarbörur. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| | | Mynd 117 Uppskipun. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |
| | | Mynd 118 Verið að flytja nótabát eftir Aðalgötu. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. |

7.2. KORTASKRÁ

| | | | |
|---|---|---|-------------------------------|
| Kort 1 Afmörkun verndarsvæðisins er sýnd innan rauðrar brotalínu. Gula afmörkunin sýnir hugsanlega stækkun svæðisins. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 12 Götur og göngustígar á svæðinu. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Kort 2 Íslandskort 1590, Abraham Ortelius. | Landsbókasafn Íslands, Íslandskort. Sótt af: https://islandskort.is/is/map/show/2 | Kort 13 Örnefni á verndarsvæðinu. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Kort 3 Úr korti frá 1752. Land-Kort over Island, Niels Horrebow. | Landsbókasafn Íslands, Íslandskort. Sótt af: https://islandskort.is/is/map/show/570 | Kort 14 Sauðárkrókur um 1915. Höfundur óþekktur. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga |
| Kort 4 Úr sjóskorti frá 1818. Voxsende Kaart over Skagestrands Bugt i Iisland. | Landsbókasafn Íslands, Íslandskort. Sótt af: https://islandskort.is/is/map/show/591 | Kort 15 Sauðárkrókur 1920, 1:5000. Landmælingadeild danska herforingjaráðsins. | Landmælingar Íslands |
| Kort 5 Íslandskort frá 1850. Byggt á korti Björns Gunnlaugssonar. | Landsbókasafn Íslands, Íslandskort. Sótt af: https://islandskort.is/is/map/show/568 | Kort 16 Sauðárkrókur 1920. Sauðárkrókur 1920, 1:5000. Landmælingadeild danska herforingjaráðsins. | Landmælingar Íslands |
| Kort 6 Sauðárkrókur 1920. Kortið er teiknað upp eftir herforingjaráðskortinu frá 1920. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 17 Sauðárkrókur 1934. Jón J. Víðis. | Héraðsskjalasafn Skagfirðinga |
| Kort 7 Sauðárkrókur 1934. Kortið er teiknað upp eftir korti Jóns J. Víðis frá 1934. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 18 Strandlína 1920 samanborið við strandlínu 2017. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Kort 8 Sauðárkrókur 1956. Kortið er teiknað upp eftir loftmynd frá 1956. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 19 Þróun byggðar á svæðinu | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Kort 9 Sauðárkrókur 1974. Kortið er teiknað upp eftir loftmynd frá 1974. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 20 Gamli bærinn - Norðurhluti Sauðárkróks. Húsagerðir. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| Kort 10 Sauðárkrókur 2017. Kortið er teiknað upp eftir loftmynd frá 2017. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 21 Yfirlitsmynd af svæðinu. | Kort 22 Sauðárkrókur 1928. |
| Kort 11 Hverfaskipting á Sauðárkróki. | Sólveig Olga Sigurðardóttir | Kort 23 Reitaskipting á svæðinu. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 24 Aðalgötureitur. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 25 Nokkur horfin hús við Aðalgötu. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 26 Kristjánsklauf. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 27 Lindargata. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 28 Lindargata, götulína 2018 og mannvirki 1920. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 29 Aðalgata - baklóðir | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 30 Skógargata. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 31 Skógargata, götulína 2018 og mannvirki 1920. | Sólveig Olga Sigurðardóttir |
| | | Kort 32 Hlíðarstígur | Sólveig Olga Sigurðardóttir |

Kort 33 Sævarstígur / Freyjugata.

Kort 34 Kirkjutorg.

Kort 35 Vernd húsa samkvæmt lögum um menningarminjar.

Kort 36 Fornleifar.

Kort 37 Varðveislugildi húsa og svæða.

Kort 38 Úr þéttbýlisuppdrætti Sauðárkróks.

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Aðalskipulag Sveitarfélagsins

Skagafjarðar 2009-2021,

þéttbýlisuppdráttur Sauðárkróks

7.3. TÖFLUSKRÁ

Tafla 1 Þróun fjölda íbúa á Sauðárkróki 1889 til 1907. Tölur frá Hagstofu Íslands. Sólborg Una Pálsdóttir

Tafla 2 Aldursdreifing húsa á verndarsvæðinu. Sólborg Una Pálsdóttir

Tafla 3 Húsgerðir. Sólborg Una Pálsdóttir

Tafla 4 Byggingartímabil og fjöldi húsa. Sólborg Una Pálsdóttir

Tafla 5 Tafla yfir minjar sem enn eru til staðar. Alls fundust 13 minjar við vettvangsskráningu. Guðný Zoega

Töflur með varðveislugildi svæða og húsa, bls. 62-64. Sólveig Olga Sigurðardóttir

